

Kirkjuleg lýðræðishreyfing

Lútherskir fríkirkjusöfnuðir á Íslandi fyrir 1915

Önnur grein

Á fyrsta skeiði trúfrelsis hér á landi, nánar til tekið á tímabilinu 1874–1915, voru stofnaðir níu sjálfstæðir evangelísk-lútherskir fríkirkjusöfnuðir víðs vegar um landið. Almenn safnaðarfólk sagði sig þá úr þjóðkirkjunni og kom söfnuðunum á laggirnar í því augnamiði að bæta úr vanda sem það taldi við að glíma í starfi þjóðkirkjunnar í heimahéraði sínu.¹ Fríkirkjusöfnuðirnir og þjóðkirkjan voru gerólik félagsleg og stofnunarleg fyrirbæri. Þjóðkirkjan var opinber stofnun er starfaði í nánnum tengslum við ríkisvaldið. Fríkirkjusöfnuðirnir voru á hinn bóginn frjáls félagasamtök. Í þessari grein verður leitast við að varpa ljósi á fjölpætt samspil þessara tveggja ólíku félagskerfa innan „trúarstofnunarinnar“ í landinu með það að markmiði að leiða í ljós hve langt trúfrelsi í landinu hafði náð í framkvæmd á þessum tíma.² Með því er átt við hvernig trúfrelsisákvæði stjórnarskrár og laga voru útfærð með stjórnvaldsákvörðunum og hvernig þær voru undirbúnar. Til að leiða þetta í ljós verður gangur einstakra mála á stundum rakinn rækilega til að sýna fram á sjónarmið,

¹ Hjalti Hugason, „Kirkjuleg lýðræðishreyfing: Lútherskir fríkirkjusöfnuðir á Íslandi fyrir 1915 — Fyrsta grein“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 56/2023, bls. 26–58, timarit.hi.is, sótt 18. nóvember 2023 af https://timarit.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/120/149?fbclid=IwAR3XYU-qnIyb0wHdHnJV2zycrMxobkXHbRk_VI1FRVGVZoc5-z9uP_PigfLs.

Þessum söfnuðum hefur verið líttill gaumur gefinn í rannsóknum til þessa. Töluvert hefur á hinn bóginn verið fjallað um fríkirkjusöfnuði sem störfuðu hér á sama tímabili en á öðrum grundvelli en hinum evangelísk-lútherska. Pétur Pétursson, „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar: Fyrsti hluti“, *Saga* 18/1980, bls. 179–224; sami, „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar: Annar hluti — K.F.U.M. og skyld félög“, *Saga* 19/1981, bls. 177–274; sami, „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar: Þriðji hluti — Spíritismi og dultrúarhreyfingin“, *Saga* 22/1984, bls. 93–172; sami, *Með himneskum armi: Hundrað ára saga Hjálpræðisbærsins á Íslandi*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1995; sami, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 197–421, hér 268–277; sami, *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland since 1830*, 3. útg., Reykjavík: [án útg.], 2017, bls. 90–94, 115–122. Söfnuðirnir störfuðu á eftirtöldum stöðum og tíma: Í Reyðarfirði 1883–1928, á Völlum 1892–1925, í Reykjavík frá 1899, í Núpasveit 1900–1901, í Gaulverjabæjarsókn og síðar nágrenni 1909–1916, í Hafnarfirði 1913 og áfram, í Fróðárhreppi 1914–1915, í Fáskrúðsfirði 1914–1915 og í Bolungarvík 1915–1918. — Ég þakka aðstoðarmanni mínum, Áslaugu Guðnýju Unnsteinsdóttur, fyrir vandaða vinnu við söfnun og afritun heimilda í Þjóðskjalasafni Íslands.

² Hér er fram haldið við að birta afrakstur af rannsóknarverkefni undir heitinu *Trúfrelsi í framkvæmd 1874–1915*. Sjá: Hjalti Hugason, „Þróun trúfrelsis á Íslandi 1874–1915: Umræður og lagarammi“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 55/2021, bls. 20–43, timarit.hi.is, sótt 26. janúar 2023 af <https://timarit.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/102/138>; sami, „Kirkjuleg lýðræðishreyfing — Fyrsta grein“.

aðgerðir og áhrif einstakra kirkjulegra og/eða veraldlegra embættismanna á málefni fríkirkjusafnaðanna.

Í fyrstu greininni af þremur í þessum greinaflokki var leitað hugmyndalegs samnefnara milli safnaðanna er við sögu koma, sem og annars konar skyldleika og tengsla þeirra á milli, en hingað til hefur helst verið litið til þeirra sem einangraðra klofningsbrota. Niðurstaðan af þeirri umfjöllun varð sú að trúar kenningar og helgisiðir hafi vart komið við sögu við stofnun fríkirkjusafnaðanna þegar störfum Lárusar Halldórssonar (1851–1908) sleppti en hann var fyrsti prestur fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði og síðar í Reykjavík. Þá var aðskilnaður frá ríkisvaldinu ekki brýnt baráttumál þeirra sem stofnuðu söfnuðina ef ná mætti fram þeim breytingum sem barist var fyrir án klofnings frá Þjóðkirkjunni. Af þeim sökum orkar tvímælis að líta svo á að hér hafi verið um að ræða dæmigerða fríkirkjuhreyfingu er rofið hafi trúarlega einingu samfélagsins. Á hinn bóginn var talið réttlætanlegt að líta svo á að átta af þeim níu söfnuðum sem um ræðir hafi verið hluti af óformlegri, kirkjulegri lýðræðishreyfingu þar sem í starfi þessara átta safnaða allra komu fram áþekkt sjónarmið um valddreifingu í kirkjunni og sjálfsákvörðunarrétt einstakra safnaða í eigin málum.³ Í greininni var einnig sýnt fram á að þessi hreyfing náði ekki að verða sjálfstæð gagnvart Þjóðkirkjunni og þróast þannig á eigin forsendum. Stafaði það einkum af því að leitað var umsagnar biskups um flest mál sem að söfnuðunum og starfi þeirra lutu án þess þó að litið væri svo á að biskupi bæri tilsjónarvald yfir fríkirkjusöfnuðunum og/eða prestum þeirra.⁴ Þjónaði biskup því öðrum þræði sem ráðgjafi stjórnvalda á sviði kirkjumála. Sýnir það hve mjög eimdi eftir af ríkiskirkjufyrirkomulaginu gamla og hlýtur það að hafa orkað tvímælis m.t.t. trúfrelsisákvæða stjórnarskrárinnar og laga um utanþjóðkirkjumenn sem sett voru 1886.⁵ Þau ákvæði laganna sem lutu að stöðu og störfum safnaðanna og presta þeirra eða forstöðumanna voru næsta opin og þurftu frekari útfærslu við með ákvörðunum stjórnvalda.⁶ Jók þetta áhrif stjórnvalda og þar með biskups á þróun safnaðanna. Virðast biskupar landsins á tímabilinu, Pétur Pétursson (1808–1891, biskup til 1889), Hallgrímur Sveinsson (1841–1909, biskup til 1908) og síðar Þórhallur Bjarnarson (1855–1916), hafa leitast við að halda starfi safnaðanna innan þrengsta ramma gildandi laga

³ Fríkirkjusöfnuður í Núpasveit í N-Þingeyjarsýslu er ekki talinn til lýðræðishreyfingarinnar. Hjalti Hugason, „Kirkjuleg lýðræðishreyfing — Fyrsta grein“. Við ráðingu sína í Reyðarfirði gerði L.H. grein fyrir „[...] hverja tilbreitni hann vildi gjöra um kirkjusiði frá því er tíðast í Þjóðkirkjunni“ og fann enginn fundarmanna „[...] ástæðu til þess að hafna honum fyrir þá skuld.“ *ÞÍ. Kirknasafn. Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók*, bls. 14. Frávik L.H. frá helgisiðum Þjóðkirkjunnar voru því fremur umborin en samþykkt af söfnuðinum.

⁴ Benda má á dæmi þess að Hallgrímur Sveinsson biskup hafi að eigin frumkvæði haft afskipti af málefnum fríkirkjuforstöðumanns líkt og hann hefði yfir honum tilsjónarvald. Í árslok 1900 tilkynnti hann t.a.m. landshöfðingi um að grunur léki á að prestur fríkirkjusafnaðarins á Völlum hefði gerst sekur um barneign utan hjónabands. Jafnframt spurðist hann fyrir um hvort kirkjuleg yfirvöld gætu látið brotið óátalið og hvort ekki ætti að gera sömu kröfur varðandi lífurni og hegðun fríkirkjupresta og gerðar væru til presta í Þjóðkirkjunni. Íslandsmálaráðuneytið staðfesti að svo væri. *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landshöfðingi til ministeriet for Island 18. maí 1901; *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Ministeriet for Island til landshöfðinga 20. júní 1901; *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landshöfðingi til biskups 31. ágúst 1901. Nokkrum árum síðar kom þó fram að biskup leit svo á að kirkjubyggingar fríkirkjusafnaða heyrðu á engan hátt undir kirkjustjórnina. *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 19. mars 1908.

⁵ Sjá: Austfirðingur, „Kirkjustjórnin og utanþjóðkirkjumennirnir“, *Þjóðólfrur* 19. júní 1895, bls. 121–122, hér 121.

⁶ *ÞÍ. Bps. CIII: 58. Bréfabók biskups 1886–1888. Biskup til landsh. 28. júlí 1887; Stjórnartíðindi 1886 A*, bls. 20–22 (l. nr.4/1886, 13.–15. gr.).

og sporna gegn kirkjulegri upplausn af þeirra völdum án þess þó að beita sér beinlínis gegn þeim. Sýnt var fram á hvernig biskuparnir mótuðu framkvæmd laganna frá 1886 varðandi opinbera staðfestingu á kjöri fríkirkjupresta er tekið var að krefjast félagaskrár og þess að söfnuðir hefðu viðunandi guðspjónustuhús til umráða áður en staðfesting var veitt en lögin kváðu ekki á um þetta.⁷

Hér verður áfram grafið fyrir um í hvaða átt mótunaráhrif biskups og veraldlegra stjórnvalda á fríkirkjusöfnuðina beindust. Verður það gert með því að sýna fram á hvernig þessir aðilar sveigðu skipulag og starfshætti fríkirkjusafnaðanna að því fyrirkomulagi sem tíðkaðist innan þjóðkirkjunnar. Fyrst verður dregið fram hvernig embættismenn kirkju og ríkis leituðust við að fella fríkirkjusöfnuðina að hefðbundnu skipulagi þjóðkirkjunnar með því að laga starf þeirra sem mest að sóknaskipan þjóðkirkjunnar. Síðar verður vikið að málum sem lutu að gjaldtöku, úrsögn úr þjóðkirkjunni og inngöngu í fríkirkjusöfnuð. Öllu slíku skyldi sýnilega haga eftir hefðum og hagsmunum þjóðkirkjunnar.

Stofnun safnaðanna átta sýnir ríka viðleitni almennings til að móta kirkjulegar aðstæður sínar. Um þetta leyti var vissulega hafin lýðræðisvæðing í þjóðkirkjunni sem fólst í aukinni þátttöku safnaða í stjórn eigin mála. Fríkirkjufólk vildi þó sýnilega láta reyna á valdmörk milli safnaða og kirkjustjórnarinnar og knýja þar með lýðræðisþróunina lengra en vilji löggjafans og yfirvalda stóð til.⁸ Þetta kom vel í ljós við stofnun fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði. Sumarið 1881 rituðu þau sem að honum stóðu Alþingi bréf þar sem þau sögðu sig úr kirkjunni, gagnrýndu aðferð kirkjustjórnarinnar við veitingu prestakalla og kröfðust að annað tveggja yrði „lögum ríkiskirkjunnar“ breytt þannig að þau gætu „hneysulaust“ sameinast kirkjunni að nýju eða „[...] að fríkirkjumönnum verði með lögum skipaður viðunanlegur réttur.“⁹ Árið 1885 tók söfnuðurinn svo saman lagafrumvarp um utanþjóðkirkjumenn til að senda Alþingi.¹⁰ Sýnir þetta þann ríka sjálfræðisvilja sem bjó að baki safnaðarstofnuninni.

Tímabilið, þegar fríkirkjusöfnuðirnir komu fram, nær í grófum dráttum yfir landshöfðingja- (1873–1904) og heimastjórnartímanna (1904–1918).¹¹ Á því skeiði færðist framkvæmdavald í innanríkismálum Íslendinga í tveimur megináföngum inn í landið. Með stöðulögunum frá 1871 höfðu kirkjumál verið skilgreind sem innanríkismál ásamt sveitarstjórnar-, heilbrigðis-, skóla-, samgöngu- og atvinnumálum, auk nokkurra fleiri málaflokka. Árið 1874 fengu landsmenn svo eigin stjórnarskrá sem m.a. festi þessa skipan í sessi.¹²

Á fyrrgreindu tímabili hófst og lýðræðisþróun á ýmsum sviðum þjóðlífsins. Árið 1872 gekk t.a.m. í gildi tilskipun um sveitarstjórnir og samkvæmt henni

⁷ Hjalti Hugason, „Kirkjuleg lýðræðishreyfing — Fyrsta grein“.

⁸ Sama heimild. — Líklega má líta á Lárus Halldórsson, sem hér kemur mjög við sögu, sem eindregnasta fríkirkjumann landsins fyrir og síðar. Hann taldi að stofnun fyrsta fríkirkjusafnaðar landsins hefði haft mikil áhrif á lýðræðisvæðingu í þjóðkirkjunni. *Alþingstíðindi* 1891 B, bls. 192. Sjá: Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 9–195, hér 56–59, 74–76, 78–84, 87–88.

⁹ *DÍ*. Kirknasafn, Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók, bls. 1–2.

¹⁰ Frumvarpið tók ekki aðeins til þeirra sem voru í fríkirkjusöfnuði heldur alls utanþjóðkirkjufólks. *DÍ*. Kirknasafn, Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók, bls. 20–22.

¹¹ Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874–1918“, *Saga Íslands* 10, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2009, bls. 1–312, hér 205–259.

¹² *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* 3, 1875, bls. 123–124 (l. nr. 1/1871, stöðulögin); Einar Laxness, *Íslands saga* S–Ö, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1995, bls. 75.

var tekið að kjósa hreppsnefndir sem tóku við mörgum hlutverkum hreppstjóra, sem skipaðir höfðu verið af amtmanni.¹³ Engin almenn mannréttindalöggjöf gildi hér á landi fyrir 1874. Útgáfu- og félagastarfsemi var því þröngur stakkur sniðinn.¹⁴ Þegar nær dró aldamótunum 1900 hófust á hinn bóginn ýmiss konar félagslegar umbætur, auk þess sem félagsleg virkni almennings jókst.¹⁵ Eru fríkirkjusöfnuðirnir ágæt dæmi um það.

Á vettvangi kirkjunnar ýtti fyrrgreind þróun m.a. undir deilur um valdmörk milli kirkjustjórnarinnar og einstakra safnaða og jafnframt jukust afskipti almennings af kirkjumálum og þá einkum ytri málefnum.¹⁶ Viðleitni safnaða til að hafa áhrif í eigin málum var enda í flestum tilvikum helsta ástæða þess að fríkirkjusöfnuðir komu fram. Jafnframt hófst svo lýðræðisþróun í þjóðkirkjunni.¹⁷ Lög um sóknarnefndir tóku gildi 1880 og veittu þau söfnuðum nokkra aðkomu að eigin málum. Jókst hún eftir því sem leið á rannsóknartímabilið.¹⁸ Með lögum frá 1886 var söfnuðum tryggð nokkur aðkoma að veitingu prests-embætta og almennar prestskosningar voru teknar upp 1907.¹⁹ Þá var leitast við að tryggja einstaklingum aukið svigrúm innan þjóðkirkjunnar með lögum um leysingu sóknarbands. Með lögnum var fólki enn fremur heimilað að velja sér annan prest (kjörprest) ef ósætti kom upp við sóknarprestinn.²⁰ Lögin áttu þó aðeins við um þau sem gátu fellt sig við að vera áfram í þjóðkirkjunni. Dreifbýli, vegalengdir og erfiðar samgöngur leiddu engu að síður til þess að þau sem nýttu sér heimildina náðu sjaldnast að mynda hópa með öðrum. Með þessum breytingum skyldi ríkiskirkja fyrri alda þróuð í átt til þeirrar þjóðkirkjuskipanar sem gert var ráð fyrir í stjórnarskráinni frá 1874. Lýðræðisþróunin og aukið frelsi innan þjóðkirkjunnar náði samt ekki að koma í veg fyrir að einstakir söfnuðir klofnuðu og fram kæmu sjálfstæðir fríkirkjusöfnuðir á lútherskum grunni. Ástæða þessa fólst öðrum þæði í því að hér á landi náði lýðræði og sveigjanleiki innan þjóðkirkjunnar ekki að þróast í sama mæli og í Danmörku. Þar voru sett lög 1868 um kjörsöfnuði (d. *valgmenighed*) sem höfðu sambærilega stöðu og lúthersku fríkirkjusöfnuðirnir hér en gátu eigi að síður starfað innan vébanda dönsku þjóðkirkjunnar (d. *Folkekirken*), öfugt við það sem gerðist hér á landi.²¹ Fjölgaði slíkum söfnuðum ört í Danmörku í kjölfar lagasetningarinnar 1868.

¹³ Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830–1874“, *Saga Íslands* 9, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2008, bls. 165–374, hér 331–334.

¹⁴ Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar“, bls. 347–349.

¹⁵ Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, bls. 109–116, 134–155, 173–178.

¹⁶ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 47/2018, bls. 44–71, *ojs.hi.is*, sótt 1. febrúar 2023 af <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2887/1632>; Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 48/2019, bls. 25–60, *ojs.hi.is*, sótt 1. febrúar 2023 af <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2977/1728>.

¹⁷ Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 80–84, 87–88; Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, bls. 166.

¹⁸ *Stjórnartíðindi* 1880 A, bls. 28–30 (l. nr. 5/1880); *Stjórnartíðindi* 1907 A, bls. 214–220 (l. nr. 36/1907); Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, Europäische Hochschulschriften 2:524, Frankfurt am Main: Peter Lang, 1986, bls. 234–235.

¹⁹ *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 2–6 (l. nr. 1/1886); *Stjórnartíðindi* 1907 A, bls. 168–176 (l. nr. 28/1907); Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 179–180.

²⁰ *Stjórnartíðindi* 1882 A, bls. 66 (l. nr. 9/1882); Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 74–76; Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, bls. 166.

²¹ Jens Holger Schørring, „1800 til í dag“, *Kirkens historie* 2, Kaupmannahöfn: Hans Reitzels forlag, 2012, bls. 383–749, hér 572–574.

Starfssvæði

Eins og þráfaldlega hefur komið fram í þessari rannsókn voru fríkirkjusöfnuðir almennt stofnaðir til að leysa staðbundinn vanda í starfi þjóðkirkjunnar í héraði. Því var eðlilegt að einstakar starfseiningar kirkjunnar, prestakall eða sókn, mynduðu kjarnasvæði þeirra í upphafi. Ekkert var þó í lögunum frá 1886 um utanþjóðkirkjumenn sem gerði ráð fyrir staðbindingu safnaðanna. Í fyrstu greininni í þessum flokki var enda bent á dæmi þess að fólk úr öðrum landsfjórðungi vildi tengjast söfnuðinum í Reyðarfirði sem þó þótti ekki raunhæft vegna fjarlægða. Engin landfræðileg mörk virðast á hinn bóginn hafa verið sett við staðfestingu á köllun forstöðumanns þessa fyrsta fríkirkjusafnaðar landsins.²² Því fólki sem að stofnun safnaðanna kom hefur heldur varla verið ofarlega í huga að mynda staðbundna söfnuði af sama tagi og söfnuðir þjóðkirkjunnar voru. Embættismenn hennar leituðust aftur á móti fljótt við að binda störf fríkirkjusafnaðanna sem mest við starfshætti þjóðkirkjunnar og þá einkum með staðbindingu fríkirkjusafnaða innan fastra sóknarmarka og nutu þeir til þess fulltingis veraldlegra stjórnvalda. Var þessu framfylgt með því að skilgreina innan hvaða landfræðilegu marka forstöðumenn fríkirkjusafnaðanna mættu starfa um leið og þeir hlutu opinbera staðfestingu á köllun sinni.²³ Til að sú afmörkun gæti verið sem nákvæmust og þrengst var tekið að krefjast félagaskrár áður en til staðfestingar kom.

Áherslan á föst starfssvæði virðist einkum til komin af tveimur ástæðum. Var þessum ákvæðum annars vegar ætlað að sporna gegn kirkjulegri upplausn og hins vegar að skapa festu um rekstur sóknanna.

Ótti við kirkjulega upplausn

Fyrst reyndi verulega á afmörkun starfssvæðis þegar fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík átti í hlut. Fyrir stofnun hans höfðu tveir fríkirkjusöfnuðir komið til sögunnar á Austurlandi, í Reyðarfirði og á Völlum. Aðstæður þar kölluðu ekki fram togstreitu á þessu sviði. Áhrifa fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík tók hins vegar fljótt að gæta víðs vegar um Kjalarnesprófastsdæmi.²⁴ Árið 1904 tók héraðsfundur þar upp málefni sem laut að þjónustusvæði fríkirkjuprestsins og ályktaði:

²² Hjalti Hugason, „Kirkjuleg lýðræðishreyfing — Fyrsta grein“.

²³ Í tilvikum fríkirkjusafnaðar sem stofnaður var í Núpasveit var starfssvæðið miðað við veraldlega stjórnsýslucíngingu, þ.e. hrepp, en ekki sókn. Var það gert að tilhlutun landshöfðingja sem vildi þrengja svæðið frá því sem gert var í umsókn um staðfestingu. Þar var miðað við *Norður-Dingeyjarbærad*. Hjalti Hugason, „Kirkjuleg lýðræðishreyfing — Fyrsta grein“; *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landshöfðingi til ministeriet for Island 30. apríl 1901.

²⁴ Árið 1880 voru Kjalarnesþing lögð niður og Brautarholtssókn sameinuð Mosfellsprestakalli. Árið 1890 urðu prestaskipti þar. Við það tækifæri lýstu íbúar í Brautarholtssókn yfir mikilli óánægju og lýstu 30 manns úr söfnuðinum því yfir að þau mundu ganga úr kirkjunni og stofna fríkirkju ef nýr prestur sæti ekki á Kjalarnesi. Vera má að eftirstöðvar þessa andófs hafi gætt upp úr aldamótunum en árið 1904 urðu að nýju prestaskipti. *ÞÍ. Bps. CIII*: 60. Bréfabók biskups. Biskup til sóknarnefndar og safnaðar í Brautarholtssókn 18. apríl 1890; Sveinn Nielsson, Hannes Þorsteinsson og Björn Magnússon, *Prestatal og prófasta á Íslandi*, 2. útg., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1950, bls. 113; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi 1*, Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, bls. 489.

Út af umkvörtun nokkurra presta yfir því, að farið sé að brydda á því, að menn gangi inn í utanþjóðkirkjusöfnuðinn í Reykjavík, þótt þeir séu í svo mikilli fjarlægð frá Reykjavík að það sýnist engri átt ná, að þeir geti notið prestsþjónustu þadan, fól fundurinn prófasti, að skrifa kirkjustjórninni erindi um þetta mál, og spyrjast fyrir um hvort slíkt sé leyfilegt samkvæmt nú gildandi lögum, og hvort prestur utanþjóðkirkjusafnaðarins í Reykjavík geti samkvæmt konunglegri staðfesting, [...], veitt mönnum prestsþjónustu um allt prófastsdæmið eða jafnvel víðar.²⁵

Þegar söfnuðurinn, nokkrum árum áður, sótti um konunglega staðfestingu til handa Lárusi Halldórssyni var aðeins einn maður utan Reykjavíkursóknar í söfnuðinum, Björn Bjarnarson (1856–1951) bóndi og alþingismaður í Gröf og síðar Grafarholti í Mosfellssveit. Í umsókn um staðfestingu var miðað við að starfssvæðið næði ekki aðeins til dómkirkjusóknarinnar heldur var talað um Reykjavík og nágrenni og þá til að gera veru Björns í söfnuðinum mögulega. Um hríð gengu engir utan Reykjavíkur í söfnuðinn uns þrír sveitungar Björns fóru að dæmi hans. Hafði einn lent í deilum við sóknarprest sinn um lögboðin lambseidi en annar tilfærði þá ástæðu „[...] að hann á þenna hátt vildi hefjast handa og aðskilja ríki og kirkju á Íslandi.“²⁶ Þá munu tveir Hafnfirðingar hafa gengið í söfnuðinn um sama leyti.²⁷

Jens Pálsson (1851–1912) prófastur í Görðum kvaðst hafa orðið þess áskynja í vísitasíu sinni þá um sumarið að innritun manna í utanþjóðkirkju-söfnuðinn í Reykjavík hafi magnast mjög í prófastsdæminu á yfirstandandi ári. Hafi þessum „uppátækjum“ fjölgað að mun í Lágafellssókn en þó einkum í Brautarholtssókn. Kvaðst prófastur einnig hafa orðið þess vís að efnaðasti bóndinn í Saurbæjarsókn á Kjalarnesi hefði gengið úr þjóðkirkjunni. Sama máli gegndi um auðugasta bóndann í Reynivallasókn í Kjós. Prófasturinn benti á að presturinn þar, Halldór Jónsson (1873–1953), nyti velvildar, virðingar og trausts sóknarbarna sinna „sem gæðaprestur og mannkostamaður“. Virtist honum bóndinn sem í hlut ætti deila þessu áleti „[...] þrátt fyrir brotthlaup hans úr söfnuðinum.“²⁸ Kvað prófastur því ekki sýnilegt að slíkum manni gæti „[...] gengið annað til en sparnaður til yfirskyns veru sinnar í utanþjóðkirkjusöfnuðinum í Reykjavík.“²⁹ Virtist prófasti því að um væri að ræða hreyfingu meðal efnaðra bænda um að ganga úr þjóðkirkjunni en á þessum tíma var ekki lögboðið að utanþjóðkirkjufólk skyldi að lágmarki greiða jafnhátt gjald til safnaðar síns og því hefði borið að greiða í þjóðkirkjunni.³⁰ Ekki var því útilokað að spara mætti hluta sóknargjaldsins með því að ganga í frikkirkjusöfnuð. Sömu tilhneigingu taldi hann vera uppi í Kálfatjarnarsókn á Vatnsleysuströnd en þar var einn af efnuðustu bændunum meðal þeirra sem sagt hafði sig úr söfnuðinum.³¹ Kvað prófastur það ekki leyna sér

²⁵ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/8-19. Bréfasafn. Prófastur til stiftsýfirvalda 15. september 1904.

²⁶ Sama stað.

²⁷ Sama stað.

²⁸ Sama stað.

²⁹ Sama stað.

³⁰ Hjalti Hugason, „Kirkjuleg lýðræðishreyfing — Fyrsta grein“.

³¹ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/8-19. Bréfasafn. Prófastur til stiftsýfirvalda 15. september 1904.

[...] að þessi einkennilega fríkirkjuhreifing er alvarlega að magnast og útbreiddast um prófastsdæmið. Fjarlægðin, sem flestir þessara manna búa í frá kirkju og presti nefnds utanþjóðkirkjusafnaðar sýnir eins vel og nokkur ummæli, hve mikil og hvílk prestsþjónusta það er, sem þeir atla sé að notast við.³²

Ljóst er því að hann leit svo á að hér væri um málamyndagjörninga í sparnaðarskyni að ræða. Afleiðingarnar taldi hann tvíþættar. Annars vegar skapaði þetta tekjutap fyrir presta og kirkjur, auk óvissu í áætlanagerð við endurbyggingu, viðhald og annan rekstur kirkna.³³ Hins vegar kvað hann það þó enn alvarlegra að hreyfingin gerði allt aðhald og eftirlit af hendi samviskusamra og skyldurækinnu presta torvelt:

Tel ég til þeirra vandkvæða það meðal annars, að eftirlit þeirra með, og umvöndun um siðferði manna, uppfræðing barna o. fl. verður full frágangssök ef þetta má uppi haldast sem heimilt að lögum, því að sérhver umvöndun og aðhald í slíkum efnum af prestsins hálfu mundi í svo mörgum tilfellum leiða til brotthlaups úr þjóðkirkjunni, að presturinn vissi sig jafnan eiga þá afleiðing á hættu, og mundi slíkt eðlilega hljóta að hafa lamandi áhrif á framkvæmd hans í þessa átt.³⁴

Vakti prófastur máls á hvort lög um utanþjóðkirkjufólk frá 1886 sem ein gætu átt við í þessu efni, auk konunglegrar staðfestingar til handa hlutaðeigandi utanþjóðkirkjupresti, heimiluðu hreyfingu af þessu tagi. Lögin taldi hann „[...] alsendis óréttmæt og óþörf [...]“ fyrir þau sem héldu „[...] afbrigðalaust við trú og helgisiði þjóðkirkjunnar [...]“, eins og raun væri á með þau sem mynduðu fríkirkjusöfnuðinn í Reykjavík.³⁵ Einu áhrif löggjafarinnar taldi hann geta verið

[...] að gefa mönnum hvarvetna um land sterka hvöt til, að mynda sjálfstæða utanþjóðkirkjusöfnuði í stað þjóðkirkjusafnaðanna, og skapa á þann hátt evangelíska lúterska fríkirkju sem þjóðkirkju hér á landi í stað hinnar evang. lútersku ríkiskirkju, sem hér er nú þjóðkirkja.³⁶

Með öðrum orðum leit hann svo á að lögin frá 1886, að því leyti sem þau tækju til fólks sem játaði lútherska trú, stuðluðu að aðskilnaði ríkis og kirkju. Þrátt fyrir að löggjafinn hefði viljað undanþiggja þetta fólk gjöldum til þjóðkirkjunnar, ef það myndaði söfnuði utan hennar og væri í þeim „í reynd og sannleika“, væri óhugsandi að þingið hafi viljað hvetja einstaklinga

[...] í vídd og dreifð um heil prófastsdæmi eða jafnvel heila landsfjórðunga til þess, að ganga að nafninu til inn í einhvern utanþjóðkirkjusöfnuð einhverstaðar á landinu, þótt þeim vegna fjarlægðar væri ómögulegt, að taka neinn verulegan þátt í málefnum og starfsemi safnaðarins [...].³⁷

Prófasturinn óttaðist sýnilega að fráhrarf frá strangri staðbindingu fríkirkjusafnaða mundi geta stuðlað að upplausn á sviði kristnihalds í landinu þótt ekki væri um fjöldahreyfingu að ræða

³² Sama stað.

³³ Sama stað.

³⁴ Sama stað. Um einstök dæmi sjá: Jóhann L. Sveinbjarnarson, „Annað svar til síra Lárusar Halldórssonar: Niðurl.“, *Austri* 22. mars 1899, bls. 30–31.

³⁵ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/8-19. Bréfasafn. Prófastur til stiftsfirvalda 15. september 1904.

³⁶ Sama stað.

³⁷ Sama stað.

[...] því með slíku lagi væri hin núverandi þjóðkirkja Íslands veikt og féflett, og henni í hættu teflt, án þess að nokkur slíkur kirkjufélagsskapur þyrfti né hlyti að myndast í heilum héruðum landsins, jafnvel heilum landsfjórðungum, er komið gæti sem þjóðkirkja í stað hinnar eldri, og annast hlutverk hennar.³⁸

Af þessu má sjá að prófasti Kjalnesinga þótti sem hafin væri bylgja í prófastsdæmi sínu sem stuðlað gæti að upplausn kirkjuskipanar í landinu. Leit hann svo á að fólk búsett umhverfis Esjuna og á Vatnsleysuströnd gæti ekki verið félagar í utanþjóðkirkjusöfnuðinum í Reykjavík í þeim skilningi sem 16. gr. laga um utanþjóðkirkjumenn áskildi og að atferli á borð við það sem um væri að ræða væri ekki heimilað í lögunum.³⁹ Loks beindi prófastur þeim spurningum til stiftsyfirvalda, sem nú voru þó vissulega ekki lengur til, hvort fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík væri engum staðlegum takmörkum háður hvað búsetu safnaðarfólks snerti; hvort konungleg staðfesting prests og forstöðumanns hans væri „staðmörkuð eða ekki staðmörkuð“; hvort sá hinn sami hefði með staðfestingunni öðlast heimild til að veita fólki víðs vegar um prófastsdæmið, sem innritast hefði í söfnuð hans, prestsþjónustu sem staðfestur prestur þess og hvort fólk sem búsett væri svo mílum skipti frá Reykjavík yrði undanþegið gjöldum í þeirri þjóðkirkjusókn sem það væri búsett í með því að innrita sig í fríkirkjusöfnuðinn.⁴⁰ Hallgrímur Sveinsson biskup beindi fyrirspurnunum áfram til hins nýstofnaða stjórnarráðs með tilvísun til 16. gr. laga um utanþjóðkirkjumenn frá 1886 og 3. gr. laga nr. 6/1904 um breytingu á þessum greinum laganna sem báðar kváðu á um skilyrði þess að verða gjaldfrjáls gagnvart þjóðkirkjunni.⁴¹ Áleit biskup að úrlausnin hlyti að byggjast á hvernig „staðleg ummerki“ safnaðarins í staðfestingarbréfi starfandi prests hans væru túlkuð en þar væri miðað við „Reykjavík og grend.“⁴² Kvaðst hann hafa lagt til, er umsóknin var afgreidd 1899, að starfssvæðið mætti ná lítið eitt út fyrir Reykjavík og hefði þá skilið ofangreint orðalag svo að átt væri við Seltjarnarneshrepp og þann hluta Mosfellssveitar sem næst lægi þéttbýlinu í Reykjavík og héldi hann enn fast við þá skoðun. Sýnir þetta að við afmörkun starfssvæðis hafði verið tekið nokkurt tillit til þarfa safnaðarfólks en ekki einvörðungu sóknarmarkna þjóðkirkjunnar. Aftur á móti taldi hann starfssvæðið ekki geta náð til efri hluta Mosfellssveitar, Kjalarness, Kjósar, Hafnarfjarðar, Álftaness eða Vatnsleysustrandar, enda mundi engum koma til hugar að sameina þetta landsvæði í eina sókn innan þjóðkirkjunnar. Það væri engu skynsamlegra þegar um fríkirkjusöfnuð væri að ræða og síst þegar honum væri þjónað af manni sem hefði fyrir rúmu ári fengið lausn frá mun minna prestakalli sökum heilsuþrestra.⁴³ Átti hann þar við Ólaf Ólafsson (1855–1937) er verið hafði sóknarprestur í Arnarbæli en þjónaði nú fríkirkjusöfnuðinum. Tók biskup síðan undir neikvæða afstöðu prófasts og ritaði:

³⁸ Sama stað.

³⁹ Sama stað.

⁴⁰ Sama stað.

⁴¹ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/8-19. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 3. október 1904; *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 22 (l. nr. 4/1886); *Stjórnartíðindi* 1904 A, bls. 20–22 (l. nr. 6/1904).

⁴² *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/8-19. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 3. október 1904.

⁴³ Sama stað.

Hin miður hollu áhrif, sem stofnun utanþjóðkirkjusafnaða hér á landi hingað til hafa haft, eins og þessi safnaðarmyndun er til komin og hefir sýnt sig í reyndinni, eru nógu tilfinnanleg eins og nú er, og er því sízt ástæða til að gefa þeim víðara svigrúm með því að þenja starfsvæði nefndra safnaða út fyrir eðlileg takmörk.⁴⁴

Þessi ótti prófests og biskups skýrir þá þungu áherslu sem forystumenn þjóðkirkjunnar lögðu á að starfssvæði fríkirkjusafnaða væru skýrt afmörkuð og þeim settar eins þröngar skorður og kostur var.

Guðmundur Sveinbjörnsson (1871–1950) fulltrúi í stjórnarráðinu féllst á sjónarmið biskups og mælti með að starfssvæði fríkirkjuprests og -safnaðar í Reykjavík næði til kaupstaðarins, auk Seltjarnarneshrepps og bæjanna Ártúns, Árbæjar, Grafar ásamt Grafarkoti og Keldna í Mosfellssveit. Taldi hann prestinn ekki hafa neina heimild til að veita fólki utan þessa svæðis prestlega þjónustu.⁴⁵ Byggði stjórnarráðið úrskurð sinn á þessu álit og þar með afstöðu biskups. Tók það einkum tillit til upprunalegrar staðfestingar á kjöri Lárusar Halldórssonar, sem og þess að við staðfestingu nýs forstöðumanns hefði ekki verið boðuð nein breyting á starfssvæðinu.⁴⁶ Við þessi tækifæri hefði verið við það miðað að svæðið næði yfir svo mikið af Mosfellssveit að jörðin Gröf væri innan þess, enda hefðu fulltrúar safnaðarins ekki farið fram á meira.⁴⁷ Ekki var vandinn þó leystur í eitt skipti fyrir öll. Árið 1906 spurðist Magnús Þorsteinsson (1872–1923) sóknarprestur á Mosfelli fyrir um hjá prófasti hvort nýbýlið Baldurshagi í Grafarlandi gæti heyrt undir starfssvæði fríkirkjusafnaðarins.⁴⁸ Málið gekk áfram til biskups og stjórnarráðsins.⁴⁹ Ráðherra úrskurðaði loks að líkt og ummælin um Reykjavík og Seltjarnarneshrepp ættu ekki við einstök hús eða býli gæti upptalningin á bæjunum í Mosfellssveit ekki verið bundin við einstök „bæjarhús“ heldur næði hún til allra býla sem rísa kynnu í landi nefndra jarða. Því yrði að telja augljóst að Baldurshagi lægi innan takmarka utanþjóðkirkjusafnaðarins.⁵⁰ Sýnir þetta hversu langt var gengið af þjóðkirkjunnar hálfu í að knýja fram sem nákvæmasta afmörkun á starfssvæðunum. Í síðarnefnda dæminu hefur væntanlega fremur verið um óvissu um innheimtu gjalda að ræða en þá ógn við kirkjuskipanina og agaefirlitið sem vísað hafði verið til tveimur árum áður.

Könnunin hefur leitt í ljós að embættismönnum þjóðkirkjunnar var mjög í mun að kveðið væri skýrt á um starfssvæði fríkirkjupresta við staðfestingu á kjöri þeirra, sem og að þau væru sem þrengst og féllu sem mest að starfsháttum þjóðkirkjunnar, þ.e. skiptingu hennar í sóknir. Ekkert var samt í lögum um utanþjóðkirkjufólk sem kallaði á slíka staðbindingu. Ástæður þessarar afstöðu voru tvíþættar. Annars vegar óttuðust prestar að tekjur þeirra rýrnuðu og rekstur sóknanna yrði óvissari. Töldu þeir jafnvel að efnafolk leitaðist við að spara sér útgjöld til kirkjumála með málamyndaaðild að fríkirkjusöfnuðum.

⁴⁴ Sama stað.

⁴⁵ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/8-19. Bréfasafn. Álitsgjörð í stjórnarráðinu (óheilt).

⁴⁶ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/8-19. Bréfasafn. Ráðherra til biskups 2. nóvember 1904.

⁴⁷ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/8-19. Bréfasafn. Ólafur Runólfsson til stjórnarráðsins 3. desember 1904; *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Stjórnarráðið til Ólafs Runólfssonar 13. desember 1904.

⁴⁸ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/8-19. Bréfasafn. Sóknarprestur Mosfelli til prófests 22. júní 1906.

⁴⁹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/8-19. Bréfasafn. Prófastur til biskups 18. júlí 1906; *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/8-19. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 23. júlí 1906.

⁵⁰ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/8-19. Bréfasafn. Ráðherra til biskups 27. júlí 1906.

Hins vegar hræddust kirkjunnar menn að flæði fólks af óskilgreindum svæðum inn í fríkirkjusöfnuðina stefndi kirkjuskipan landsins og þar með öllu kirkjulegu aðhaldi í hættu. Það viðhorf var því ríkt af hálfu þjóðkirkjunnar að fríkirkjusöfnuðirnir væru óróa- og upplausnaröfl á hinum kirkjulega vettvangi sem koma yrði böndum á. Sýnir það takmarkaðan skilning á eðli trúfrelsis, sem og að réttlætanlegt þótti að leggja hindranir í veg þeirra sem vildu nýta sér það.

Meðalhófs gætt

Nokkru eftir að fríkirkjusöfnuður var stofnaður í Gaulverjabæjarsókn (1909) tók fólk utan hans að segja sig úr þjóðkirkjunni með það fyrir augum að sækja þjónustu til fríkirkjuprestsins, Runólfs Runólfssonar (1851/2–1929). Í árslok 1909 var svo komið að 93 einstaklingar af 24 heimilum á Stokkseyri höfðu sagt sig úr þjóðkirkjunni. Hafði fólk þetta leitad eftir að Runólfur ynni fyrir það prestsverk en hann hafnað því sökum þess að safnaðarstjórnin hefði ekki innritað það í söfnuðinn.⁵¹ Hann hafði einnig lýst því yfir við biskup og prófast að hann tæki ekki við öðrum til prestsþjónustu en safnaðarfólki sínu úr Gaulverjabæjarsókn.⁵² Af þjóðkirkjunnar hálfu voru uppi grunsemdir um að fulltrúar safnaðarins ynnu markvisst að því að stækka söfnuð sinn á þennan hátt og bryti það í bága við yfirlýsingar sem gefnar hefðu verið við stofnun hans.⁵³ Þau sem í hlut áttu leituðu álits Hannesar Þorsteinssonar (1860–1935) alþingismanns sem kvað ekkert á móti því frá lagalegu sjónarmiði að fólk á Stokkseyri gæti verið í fríkirkjusöfnuði sem hefði prest er búsettur væri í Gaulverjabæ og það þar með orðið laust undan öllum gjöldum til þjóðkirkjunnar jafnskjótt og það hefði sagt sig úr henni og verið tekið inn í fríkirkjusöfnuðinn. Áleit hann búsetu fólks ekki geta skipt máli hvað gjaldskyldu áhræði ef það gæti á annað borð sannað að það tilheyrði löglegu fríkirkjufélagi, greiddi þangað gjöld sín og gæti notið þeirrar prestsþjónustu sem það þarfnaðist hjá löggiltum fríkirkjupresti. Hannes gat þess að landssjóður hefði af og til bætt sóknarprestum upp tekjutap af þessum sökum en það væri fríkirkjufólki þó óviðkomandi og óþarft eftir þær breytingar sem orðið hefðu er prestar komust á föst laun 1907.⁵⁴ Hannes var því þeirrar skoðunar að fríkirkjusöfnuðir væru óstaðbundnir samkvæmt lögum frá 1886 nema ef vera kynni að óbein staðbinding fælist í að fólk þyrfti raunverulega að geta notfært sér þá þjónustu sem það þarfnaðist hjá löggiltum fríkirkjupresti. Til að svo mætti verða mátti auðvitað ekki verða of langt milli fólksins og prestsins. Þetta voru þó aðeins hagnýtar takmarkanir sem hvorki voru bundnar með lögnum frá 1886 né byggðar á hugmyndum um eðli fríkirkjusafnaða sem frjálsra samtaka.

Svar Hannesar hafði að sönnu enga formlega þýðingu. Það tók líka aðeins mið af bókstaf laganna en ekki framkvæmd þeirra, sem mótast hafði með

⁵¹ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Runólfur Runólfsson til ráðherra 14. febrúar 1910. Sjá og: *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 3. maí 1910; *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 18. nóvember 1911.

⁵² *DÍ*. Bps. CIII: 78. Bréfabók biskups 1909–1910. Biskup til Halldórs Ó. Sigurðssonar 8. janúar 1910.

⁵³ *DÍ*. Bps. CIII: 78. Bréfabók biskups 1909–1910. Biskup til prófests í Árnasprófastsdæmi 7. janúar 1910; *DÍ*. Bps. CIII: 78. Bréfabók biskups 1909–1910. Biskup til Runólfs Runólfssonar 7. janúar 1910; *DÍ*. Bps. CIII: 78. Bréfabók biskups 1909–1910. Biskup til Halldórs Ó. Sigurðssonar 8. janúar 1910.

⁵⁴ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Hannes Þorsteinsson til Gísla Gíslasonar 31. janúar 1910 (afrit).

stjórnvaldsákvörðunum, eins og sýnt hefur verið fram á. Það sýnir þó að skiptra skoðana gætti í þessu efni er áratugur var liðinn af tuttugustu öld. Fulltrúar umrædds fólks á Stokkseyri skorðu þó í framhaldinu á stjórn fríkirkjusafnaðarins að skrá nöfn þess í prestsþjónustubækur Gaulverjabæjar-kirkju og ítrekuðu ósk sína um að prestur safnaðarins tæki að vinna fyrir það prestsverk. Guðsþjónustur hugðist það sækja til Gaulverjabæjar.⁵⁵ Í kjölfarið virðist Runólfur Runólfsson hafa tekið að efast um að hann gerði rétt með að neita fólkinu um prestsverk þar sem því yrði vart haldið nauðugu í þjóðkirkjunni. Beindi hann því þeirri fyrirspurn til ráðherra hvort hann bryti gegn lögum ef hann léti að vilja þess.⁵⁶ Skömmu síðar komu upp sambærilegar aðstæður í Villingaholtssókn en hún hafði verið sameinuð Hraungerðisprestakalli þegar Gaulverjabæjarprestakall var lagt niður (1908). Þar óskuðu sjö fjölskyldur frá svonefndum Parta-bæjum í Gaulverjabæjarhreppi eftir inngöngu í fríkirkjusöfnuðinn og voru þær innritaðar í hann. Áhugi í þá veru hafði enda komið fram þegar við stofnun safnaðarins. Leitað var umsagnar biskups um fyrirspurnina. Ítrekaði hann að staðfesting utanþjóðkirkjuprestsins væri miðuð við Gaulverjabæjarsókn og yrði hann eða söfnuðurinn því að fá starfssvæði sitt rýmkað ef fólk utan sóknarinnar ætti að losna undan gjöldum til þjóðkirkjunnar. Ekkert mælti á hinn bóginn gegn breytingu ef farið væri fram á hana. Kvað hann sama máli gilda um íbúa á Stokkseyri.⁵⁷

Stjórn safnaðarins sótti síðar um vorið um stækkum á starfssvæðinu þannig að frjálst yrði að taka inn í hann öll þau er þess óskuðu og byggju í „næstliggandi sóknnum.“⁵⁸ Biskup mælti með stækkuninni ef ekki yrði farið út fyrir eðlileg takmörk og horfði þar einkum til vegalengda.⁵⁹ Gísli Skúlason (1877–1942) sóknarprestur á Stokkseyri, sem átti beinna hagsmuna að gæta, var mótfallinn því að sóknarbörn hans fengju að ganga í fríkirkjusöfnuð utan sóknarmarkanna og taldi að þau yrðu að stofna sinn eigin söfnuð í heimasókn sinni. Taldi hann það geta valdið glundroða í safnaðarlífinu á Stokkseyri ef „[...] fríkirkjusöfnuðurinn mætti þenja sig út eftir vild.“⁶⁰ Valdimar Briem (1848–1930) prófastur í Árnesprófastsdæmi var honum sammála.⁶¹ Vildu þeir þannig að fríkirkjusöfnuðir yrðu alveg bundnir af sóknaskipan þjóðkirkjunnar. Þórhallur Bjarnarson biskup hélt sig við fyrra álit, nefnilega „[...] að eigi verði með neinum sanni meinað mönnum í Stokkseyrarsókn og Villingaholtssókn að sækja prestsþjónustu til forstöðumanns í Gaulverjabæ.“⁶² Kvað hann það ekki stærra

⁵⁵ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Áskorun Þórðar Björnssonar, Þorsteins Oddssonar, Guðm. Sigurðssonar og Júlíusar Gíslasonar 7. febrúar 1910 (afrit).

⁵⁶ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Runólfur Runólfsson til ráðherra 14. febrúar 1910. Í þessu gekk Runólfur Runólfsson varlegar fram en Guðmundur Ásbjarnarson (1866–1925), forstöðumaður fríkirkjusafnaðanna á Austurlandi, hafði gert nokkrum árum áður (sjá síðari grein).

⁵⁷ *ÞÍ*. Bps. CIII: 78. Bréfabók biskups 1909–1910. Biskup til prófests í Árnesprófastsdæmi 7. janúar 1910; *ÞÍ*. Bps. CIII: 78. Bréfabók biskups 1909–1910. Biskup til Runólfs Runólfssonar 7. janúar 1910; *ÞÍ*. Bps. CIII: 78. Bréfabók biskups 1909–1910. Biskup til Halldórs Ó. Sigurðssonar 8. janúar 1910; *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 24. febrúar 1910. Sjá: *ÞÍ*. Bps. CIII: 78. Bréfabók biskups 1909–1910. Biskup til Runólfs Runólfssonar 26. febrúar 1910.

⁵⁸ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Bjarni Halldórsson, Árni Símonarson, Halldór Ó. Sigurðsson, Einar Einarsson, Jón Jónsson til stjórnarráðsins 9. apríl 1910.

⁵⁹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 3. maí 1910.

⁶⁰ Sama stað.

⁶¹ Sama stað.

⁶² Sama stað.

þjónustusvæði prests en oft yrði til við sameiningu sókna í Þjóðkirkjunni. Á hinn bóginn áleit hann stærra svæði en nefnt væri ekki koma til greina. Skildi hann orðalagið í beiðninni svo að átt væri við Stokkseyrar- og Villingaholts-sóknir.⁶³

Á tímabilinu má merkja vissa breytingu á afstöðu kirkjunnar manna til fríkirkjusafnaðanna en neikvæðari viðhorfa virðist hafa gætt í þeirra garð í biskupstíð Hallgríms Sveinssonar en eftir að Þórhallur Bjarnarsson tók við embætti af honum 1908. Þó var áfram nokkur blæbrigðamunur á skoðunum kirkjunnar manna í þessu efni. Sumir, sem beinustu hagsmunanna áttu að gæta, töldu að starfssvæði fríkirkjusafnaða skyldu beinlínis ráðast af sóknarmörkum í Þjóðkirkjunni. Þórhallur Bjarnarson horfði á hinn bóginn einkum til vegalengda og þess hve stóru svæði fríkirkjuprestur gæti þjónað svo að nokkur mynd væri á. Að mati Þórhalls biskups þurfti því að gæta eðlilegs meðalhófs í þessu efni. Praktískari sjónarmiða tók því að gæta eftir því sem á rannsóknartímann leið. Leiddi það til þess að meira tillit en áður var tekið til trúfrelsisákvæða laga og stjórnarskrár og fólki gert auðveldara fyrir að ganga til liðs við fríkirkjusöfnuðina.

Úrsögn og innganga — gjaldskylda

Lög um utanþjóðkirkjumenn frá 1886 leystu fólk sem gengið hafði í utanþjóðkirkjusöfnuð er naut þjónustu löggilts forstöðumanns undan flestum gjöldum til þjóðkirkjunnar en kváðu að öðru leyti hvorki á um gjaldskyldu né hvernig trúfélagaskipti skyldu fara fram.⁶⁴ Skiptra skoðana gætti enda fljótt innan þjóðkirkjunnar og meðal fríkirkjusafnaða um hvernig fara skyldi um trúfélagaskipti, oftast úrsögn úr þjóðkirkjunni og inngöngu í fríkirkjusöfnuð, sem og gjaldskyldu til trúfélags/kirkju. Vöknuðu snemma ýmsar spurningar um réttindi og skyldur þess fólks sem sneri baki við þjóðkirkjunni, bæði um þessi gjaldskyldumál og hvort miðað skyldi við hefðir þjóðkirkjunnar eða sjónarmið fríkirkjusafnaðanna. Fríkirkjusöfnuðir voru frjáls félagasamtök. Samkvæmt lögum þeirra var almenna reglan sú að mögulegt væri að ganga í söfnuðinn með einfaldri tilkynningu þar um til prests/forstöðumanns eða einhvers í stjórn safnaðarins (sjá fyrstu grein). Frá þeirra bæjardyrum séð virtist eðlilegt að fólk gæti skipt um trúfélag hvenær ársins sem væri og að gjaldskyldan miðaðist aðeins við yfirlýsingu fólks þar um. Svo er að sjá að Hannes Þorsteinsson alþingismaður hafi einmitt litið svo á, er málið var borið undir hann. Þjóðkirkjan var á hinn bóginn rótgróin stofnun sem hagaði starfi sínu eftir föstu skipulagi prestakalla og sókna og því rekstrarkerfi sem legið hafði þeim til grundvallar um alda raðir. Litu fulltrúar hennar svo á að óhjákvæmilegt væri að föst skipan væri viðhöfð í þessu efni og að úrsögn og innganga væri bundin við fastan tíma ár hvert. Lá þá beinast við að miða við fardaga en þá

⁶³ Sama stað.

⁶⁴ *Sjónartíðindi* 1886 A, bls. 22 (l. nr. 4/1886). Utanþjóðkirkjufólk sem ekki greiddi til eigin safnaðar var ekki undanþegið neinu slíku gjaldi. Fríkirkjufólk varð ekki að fullu gjaldfrjálst gagnvart þjóðkirkjunni fyrr en 1904. *Sjónartíðindi* 1904 A, bls. 21–22. (l. nr. 6/1904, 3. gr.). Gjaldfrelsi varð þá háð því að söfnuðirnir sem fólkíð væri í hefðu á að skipa prest/forstöðumanni er hlotið hafði opinbera staðfestingu og aðgang að „sómasamlegu guðshúsi“.

flutti fólk milli þjóðkirkjusafnaða. Áður en prestar komust á föst laun á grundvelli laga frá 1907 átti þetta fyrirkomulag við veigamikil hagnýt rök að styðjast. Fyrir breytinguna voru sóknarbörn skyld að gjalda prestum sínum og sóknarkirkjum margháttuð gjöld sem hagfelldast var að gera upp á föstum árstímum, vor og haust, eftir eðli gjaldanna og gjaldmiðlinum sem þau voru greidd með. Eftir breytinguna var aftur á móti fremur um stofnunarlega hefð að ræða enda voru sóknargjöld eftir hana ákvörðuð í krónum og aurum og almennt gerð upp í peningum.⁶⁵

Gjaldskylda miðuð við fardaga

Á rannsóknartímanum var eitthvað um að fólk segði sig úr kirkjunni og stæði utan trúfélaga. Var því þá eftir sem áður skylt að greiða þjóðkirkjunni öll lögboðin gjöld. Snemma árs 1897 tilkynnti t.d. Jón Arason (1863–1928) sóknarprestur á Húsavík prófasti sínum að bóndi þar í sókn hafi sagt sig úr þjóðkirkjunni, skírt barn sitt sjálfur og síðar tilkynnt prestinum það líkt og lögin frá 1886 kváðu á um. Leitaði prófastur álits Hallgríms Sveinssonar biskups um hvernig með skyldi fara. Er svar hans upplýsandi um hvernig bregðast ætti við málum af þessu og líku tagi. Þar sagði m.a.:

Samkvæmt grundvallarreglum stjórnarskrárinnar og annara gildandi laga verður engum manni, sem til þess hefur fullan aldur, meinað að segja sig úr þjóðkirkjunni, og hljóta menn að gjöra ráð fyrir, að svo alvarlegt fótmál muni enginn stíga af léttvægum ástæðum, heldur einungis til knúinn af sannfæringu sinni og eptir rækilega íhugun. Sömuleiðis verður að gjöra ráð fyrir því, að hlutadeigandi sóknarprestur reyni með alvarlegum fortölum að aprta hverri lítt hugsadri eða ófyrirsynju úrsögn, og leiði fyrir sjónir þær afleiðingar, sem úrsögnin hlýtur að hafa, að því er snertir réttindi mannsins. Yfirlýsingu um úrsögn sína ber honum að gefa sjálfur hlutadeigandi sóknarpresti skriflega eða við votta og ber þá prestinum að rita þetta í embættisbækur sínar, helzt í bókina fyrir móttekin embættisbréf, sér til minnis og öðrum til athugunar eptirleiðis, því að í hinni árlegu manntalsskýrslu er sjálfsagt að geta þess, ef einhver í manntalinu er utan þjóðkirkju, sem og að taka það til greina eptirleiðis við önnur tækifæri eptir ástæðum, svo sem á safnaðarfundum og við kirkjulegar kosningar. [...] En hitt er einnig sjálfsagður hlutur, að sá maður, sem reglulega hefir sagt sig úr þjóðkirkjunni, er eigi lengur háður lögum hennar og reglum, eins og hann á eigi lengur aðgang að réttindum hennar og gæðum.⁶⁶

Þá benti biskup á að ekkert yrði að gert í málinu ef eiginkona mannsins sem skírði barnið sitt sjálfur hefði einnig gengið úr kirkjunni eða væri a.m.k. skírinn inni samþykkt, hvað sem þjóðkirkjufólki kynni að finnast um tiltækið. Um skírnina ættu aðeins við ákvæði 9. og 10. gr. laga frá 1886 en þær greinar fjölluðu um skyldu foreldra til að tilkynna viðkomandi sóknarpresti um fæðingu og nafn barns síns, sem fært skyldi í gjörðabók prestakallsins, sem og til að koma sér saman um í hvaða trú barnið skyldi uppfært, en í lögunum var gert að skyldu að öll börn fengju eitthvert trúarlegt uppeldi.⁶⁷ Almennt gekk þó fólk sem sagði sig úr þjóðkirkjunni í söfnuð utan hennar.

Nokkru fyrr, eða sumarið 1892, hafði Magnús Blöndal Jónsson (1861–1956) sóknarprestur í Vallanesi snúið sér til biskups vegna þess að nokkur sóknar-

⁶⁵ *Stjórnartíðindi* 1907 A, bls. 290–301 (l. nr. 45/1907); Hjalti Hugason, „Félagsgjöld eða ríkisframlag? Eðli og þróun sóknargjalda“, *Ritvöð Guðfræðistofnunar* 44/2017, bls. 33–57, *ojs.bi.is*, sótt 17. mars 2023 af <https://ojs.bi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2627/1418>.

⁶⁶ *Íf. Bps.* CIII: 66. Bréfabók biskups 1896–1897. Biskup til prófasts í S-Þing. 9. apríl 1897.

⁶⁷ Sama stað; *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 22 (l. nr. 4/1886).

barna hans höfðu þá skömmu áður látið fulltrúa sína tilkynna honum að þau væru gengin úr kirkjunni en óskuðu samt sem áður eftir að hann ynni áfram fyrir þau prestsverk er þau þyrftu á að halda. Í tilefni af þessu spurðist Magnús fyrir um hvort hann gæti tekið þessa úrsögn gilda án þess að vera kunnugt um hvort fólkið hefði gengið í eitthvert reglulegt safnaðarfélag utan þjóðkirkjunnar eða ráðið sér konunglega staðfestan prest; hvort honum væri leyfilegt að uppfylla bón þess um prestsverkin og ef svo væri hvort hann væri þá bundinn við hina lægstu borgun fyrir aukaverk samkvæmt gildandi reglum eða hvort upphæðin væri samningsatriði. Loks spurði hann hvernig ætti að reikna gjöld til sóknarprests og -kirkju frá þessu fólki fyrir yfirstandandi ár en um fjórðungur þess hefði verið liðinn þegar það gekk úr þjóðkirkjunni.⁶⁸

Í svari Hallgríms biskups kom fram að samkvæmt lögum um utanþjóðkirkju-fólk gæti hver „þroskaður maður“ sagt sig úr þjóðkirkjunni án þess að ganga í annað trúfélag. Eðlilegt væri þó að krefjast þess að úrsögnin væri gerð persónulega, annað tveggja skriflega eða munnlega, og þá í votta viðurvist. Taldi biskup að í þessu sambandi væri eðlilegt að miða við að fólk væri fermt og hefði náð 18 ára aldri en þannig væri einstaklingurinn orðinn „kristilega fullveðja“.⁶⁹ Varð þetta að reglu sem fylgt var allan rannsóknartímann og áréttað að giftar konur yrðu sjálfar að segja sig úr þjóðkirkjunni en ekki með eiginmanni sínum eða að nægilegt væri að hann tilkynnti úrsögnina fyrir hönd konu sinnar.⁷⁰ Lokaspurningunni taldi biskup óþarfa að svara sérstaklega en vísaði til landshöfðingjabréfs frá 1887 um afskipti þjóðkirkjuprestsins í Hólmaprestakalli í Reyðarfirði af fríkirkjusöfnuðinum þar. Þar hafi komið fram að fríkirkjufólk í héraðinu skyldi laust undan gjöldum til þjóðkirkjunnar frá þeim degi er prestur þess sór embættiseið sinn þess efnis að hann mundi hegða sér í stöðu sinni samkvæmt lögum landsins. Bæri því aðeins að svara tiltölulegum hluta gjaldanna til sóknarprestsins fyrir það fardagaár sem þá stóð yfir.⁷¹ Af þessu mátti álykta að gjaldfrelsi fólks skyldi miðast við þann tíma er það gengi í fríkirkjusöfnuð er hefði staðfestum presti á að skipa. Á þessum tíma (þ.e. 1887) var hugmyndin um fardaga sem viðmiðunartíma því ekki komin fram. Loks áréttaði biskupinn að það væri kirkjunni ósamboðið að taka þátt í að fara framhjá lögnum um utanþjóðkirkjumenn og að halda bæri skýrum mörkum milli hennar og þeirra sem ekki vildu tilheyra henni til dæmis vegna gjaldskyldunnar.⁷² Í þessu fólst m.a. höfnun á að Magnús í Vallanesi gæti þjónað utanþjóðkirkjufólkinu.

Um mitt ár 1893 skrifaði Vallanesprestur biskupi að nýju. Þá skýrði hann frá að skömmu fyrir jól árið áður hefði hópur sóknarfólks hans sagt sig úr þjóðkirkjunni með skriflegri yfirlýsingu og gengið í utanþjóðkirkjusöfnuð Reyðarfirðinga „að nafninu til“ með samþykki Lárusar Halldórssonar safnaðarprests.

⁶⁸ *Df.* Bps. CIII: 62. Bréfabók biskups 1892–1893. Biskup til Magnúsar Bl. Jónssonar 27. september 1892.

⁶⁹ Sama stað.

⁷⁰ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Biskup til stj. 4. janúar 1914; *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Ráðherra til biskups 14. janúar 1914; *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Ráðherra til stjórnar utanþjóðkirkjusafnaðarins í Hólshreppi 26. ágúst 1915.

⁷¹ *Df.* Bps. CIII: 62. Bréfabók biskups 1892–1893. Biskup til Magnúsar Bl. Jónssonar 27. september 1892; *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 22 (l. nr. 4/1886); *Stjórnartíðindi* 1887 B, bls. 123 (bréf landsh. til stiftsyrivalda 15. september 1887).

⁷² *Df.* Bps. CIII: 62. Bréfabók biskups 1892–1893. Biskup til Magnúsar Bl. Jónssonar 27. september 1892.

Hann hefði þó ekki komið í sóknina allt fardagaárið 1892–1893, ekki unnið þar neitt prestsverk fyrir þetta fólk né haft af því nokkur embættisleg afskipti nema e.t.v. gengið frá manntali sem það hefði þó sjálft tekið saman. Honum vitanlega hafði fólk af Völlunum heldur ekki sótt kirkju á Eskifirði þar sem fríkirkjusöfnuðurinn hafði komið sér upp guðshúsi.⁷³ Af þessum sökum spurði presturinn: hvort hið umrædda samband við fríkirkjuprestinn í Reyðarfirði gæti leyst utanþjóðkirkjufólk í Vallanessókn undan gjaldskyldu til sóknarprestis og -kirkju þar næstliðið fardagaár eftir úrsögnina; við hvaða tíma ætti að miða gjaldfrelsi þess, þ.e. þann dag sem það á fullnægjandi hátt skýrði frá úrsögn sinni eða frá þeim degi er fríkirkjuprestur Reyðfirðinga samþykkti inntöku þess í söfnuð sinn (sem mun hafa verið 15. október 1892); og loks hvort presturinn gæti vænst gjafsóknar ef til málaferla eða lögtaks þyrfti að koma út af gjöldum fólksins til hans sjálfs eða Vallaneskirkju sem því kynni að verða talið skylt að greiða fyrir nefnt ár.⁷⁴ Stiftisyfirvöld kváðu það dómstóla að skera úr tveimur fyrri spurningunum en amtmannsins yfir austuramtinu og landshöfðingja að ákveða um gjafsóknina ef mál af þessu tagi færu fyrir yfirdóm. Töldu þau þó líklegt að gjafsókn yrði veitt.⁷⁵ Að þessu sögðu létu stiftisyfirvöld þó í ljós það álit sitt að svo lagað samband fólks á Völlum við utanþjóðkirkjusöfnuð Reyðfirðinga og prest hans gæti trauðlega leyst það frá gjaldskyldu í heimasókn þess.⁷⁶ Stiftisyfirvöldin hvöttu því fremur en löttu prestinn til að leita réttar síns og sóknar sinnar.

Það verklag sem biskup hafði mælt fyrir um varðandi úrsögn fólks úr þjóðkirkjunni í Vallanestakalli varð ekki fordæmisgefandi. Virðist sá háttur þvert á móti hafa tíðkast fram yfir aldamótin 1900 að fólk segði sig úr þjóðkirkjunni með því að senda sóknarpresti vottorð frá viðkomandi fríkirkjusöfnuði um að það hefði verið tekið inn í söfnuðinn eða jafnvel aðeins eigin yfirlýsingu þess efnis. Bændur sem þetta gerðu tilkynntu stundum að þeir gengju úr kirkjunni ásamt fólki sínu, fjölskyldu, heimili eða heimilisfólki án þess að undirskrift fylgdi frá nokkrum öðrum en húsbóndanum, jafnvel ekki fermdu heimilisfólki. Virðist hitt ekki hafa tíðkast að rætt væri við prestinn fyrirfram. Hefur fólk líklega viljað fordast að lenda í samræðum við prestinn um ákvörðun sína, sem gat verið viðkvæmismál bæði fyrir prestinn og þau sem ganga vildu úr söfnuði hans.⁷⁷ Þráfallega komu því upp tilefni til að hnykkja á því að formlegri háttur væri viðhafður við úrsögn úr kirkjunni. Árið 1904 fól biskup af gefnu tilefni prófastinum í Kjalarnesprófastsdæmi að brýna fyrir prestunum í dómkirkjusöfnuðinum og Mosfellsprestakalli að taka ekki til greina neina tilkynningu um úrsögn nema því aðeins að hún kæmi munnlega eða skriflega frá þeim einstaklingum sjálfum sem vildu segja sig úr þjóðkirkjunni og væri það skýrt orðuð að engum ágreiningi gæti valdið. Ekki væri gilt að húsráðandi gæfi slíka yfirlýsingu fyrir heimilisfólk sitt í heild heldur ættu öll þau sem náð hefðu 18 ára aldri að gefa yfirlýsingu fyrir sig. Foreldrar eða húsbændur gætu aftur á móti tilkynnt úrsagnir þeirra sem yngri væru. Viðkomandi prestur

⁷³ *Df.* Bps. CIII: 63. Bréfabók biskups 1893–1894. Biskup til Magnúsar Bl. Jónssonar 19. september 1893.

⁷⁴ Sama stað.

⁷⁵ Sama stað. Sjá: *Df.* Bps. CIII: 62. Bréfabók biskups 1892–1893. Biskup til M. Bl. Jónssonar 27. september 1892.

⁷⁶ *Df.* Bps. CIII: 63. Bréfabók biskups 1893–1894. Biskup til Magnúsar Bl. Jónssonar 19. september 1893.

⁷⁷ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/8-19. Bréfasafn. Prófastur til stiftisyfirvalda 15. september 1904.

átti þegar í stað að færa úrsögnina til bókar með tilgreindri dagsetningu. Á sama hátt átti að skrá þau sem kynnu að ganga aftur í þjóðkirkjusöfnuð. Mikilvægt var að presturinn hefði alltaf fulla vissu um hver væru í þjóðkirkjusöfnuðinum og hver fyrir utan hann.⁷⁸

Árið eftir (1905) fór stjórnarráðið fram á umsögn biskups um erindi frá dómkirkjuprestinum í umboði sóknarnefndar þar sem beðið var um úrskurð um hvernig farið skyldi með úrsagnir úr þjóðkirkjunni. Vísaði biskup í fyrrnefnt bréf sitt til prófastsins. Um leið gat hann þess að sér hefði verið skýrt frá að sá háttur hefði almennt verið viðhafður að einhver af forystumönnum fríkirkjusafnaðarins tilkynnti dómkirkjuprestinum að svo og svo margir tilgreindir heimilisfedur hefðu gengið í söfnuð sinn ásamt heimafélki sínu án þess að frekari staðfesting fylgdi. Áleit hann þá aðferð með öllu ótilhlýðilega þar sem í henni fælist engin trygging fyrir því að öll þau sem talin voru upp hefðu tekið sjálfstæða ákvörðun. Þá taldi hann aðferðina ekki lausa við að vera móðgandi fyrir dómkirkjuprestinn og þjóðkirkjuna.⁷⁹

Snemma árs 1908 fékk Magnús Bl. Jónsson í Vallanesi enn tilefni til að kalla eftir, við prófast sinn, að yfirvöld kæmu á föstu verklagi um hvernig ætti að segja sig úr þjóðkirkjunni en einkum hvernig inngöngu í söfnuði utan þjóðkirkjunnar skyldi háttað. Benti hann á að 16. gr. laga um utanþjóðkirkjufólk frá 1886 gæfi ekkert til kynna um „[...]“ á hvern hátt fengin verði vissa fyrir að þeir menn, sem látast vera utan þjóðkirkjunnar, sjeu í nokkru slíku fjelagi [...]“ og ættu þar með að njóta gjaldfrelsis.⁸⁰ Taldi hann skort á reglum í þessu efni leiða til glundroða og réttaróvissu sem illa væri við búandi. Benti hann á vandann sem í því fólst að fólk flytti inn í prestaköll þar sem fríkirkjusöfnuður væri starfandi, eins og raun væri í hans prestakalli, og gæfi þá ekkert upp um kirkjuaðild sína. Nokkrum árum síðar gæti það svo neitað að greiða gjöld til kirkju og prests vegna þess að það hefði verið í öðrum fríkirkjusöfnuði við flutninginn.⁸¹ Kvað hann þess ekki krafist að fólk færði sönnur á að það hafi verið tekið inn í utanþjóðkirkjusöfnuð þrátt fyrir að það hefði í för með sér „rjettindamissi“, þ.e. tekjuskurðingu fyrir þjóðkirkjuna, en aukinn rétt fyrir það sjálft að því er gjöld snerti, auk þeirra áhrifa sem þessi óvissa hefði á færslu embættisbóka og áreiðanleika opinberra skýrslna.⁸²

Magnús taldi réttilega að fríkirkjufélög væru almennt sprottin af sérsökum staðbundnum aðstæðum sem ekki væru til staðar í öðrum prestaköllum þjóðkirkjunnar sem fríkirkjufólk kynni að flytja inn í.⁸³ Taldi hann því fráleitt að prestur spyrdi það að fyrri bragði hvort það væri í þjóðkirkjunni „[...]“ þótt eitthvert lítilsháttar utanþjóðkirkjufjelag kynni að vera innan endimarka prestakallsins“ sem væri þá til komið af allt öðrum ástæðum en raun var á með söfnuðinn sem fólkið hafði flutt úr.⁸⁴ Á þann hátt taldi hann að óbeint væri verið að minna fólk á að ganga úr þjóðkirkjunni. Áleit hann þvert á móti að

⁷⁸ *Df.* Bps. CIII: 74. Bréfabók biskups 1904–1905. Biskup til prófasts í Kjalarnesprófastsdæmi 2. nóvember 1904.

⁷⁹ *Df.* Bps. CIII: 75. Bréfabók biskups 1905–1906. Biskup til stjórnarráðsins 22. maí 1905.

⁸⁰ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/44-13. Bréfasafn. Sóknarprestur til prófasts 20. febrúar 1908.

⁸¹ Sama stað.

⁸² Sama stað.

⁸³ Sama stað.

⁸⁴ Sama stað.

prestinum bæri um áramót að skrá í manntalsbókina öll þau sem ekki hefðu beinlínis tilkynnt um úrgöngu úr þjóðkirkjunni. Hefðu hins vegar einhver látið skrá sig inn í fríkirkjuna án þess að tilkynna prestinum það mundi slíkt leiða til tvítalningar og ónákvæmrar skýrslugerðar. Meðan lög um utanþjóðkirkjufólk væru ekki endurskoðuð taldi Magnús embættisvaldið þurfa að setja reglur um hvernig þjóðkirkjuprestar ættu að fá vitneskju um hvort þau sem ekki vildu vera í þjóðkirkjunni hefðu raunverulega gengið í annað trúfélag. Taldi hann að reglurnar þyrftu að kveða á um á hvern hátt úrganga úr þjóðkirkjunni og innganga í utanþjóðkirkjufélag skyldi tilkynnt hlutaðeigandi þjóðkirkjupresti; hversu snemma tilkynningin þyrfti að berast til að hún öðlaðist gildi næsta fardaga- eða gjaldaár og loks hvernig löguð og frá hverjum tilkynningin ætti að vera.⁸⁵ Tillaga Magnúsar var að um flutning fólks milli fríkirkju og þjóðkirkju færi með sama hætti og gerðist um flutninga milli þjóðkirkjusafnaða. Benti hann á að þar sem algengast væri að fólk flytti frá einum stað til annars snemma í maímánuði, þ.e. í fardögum, væri eðlilegast að ákveða að þau sem ætluðu að vera utan þjóðkirkjunnar hefðu sent hlutaðeigandi þjóðkirkjupresti „[...] inn-gönguskírteini frá utanþjóðkirkjufjelagi á staðnum í síðasta lagi í fardögum [...]“ en teldist ella vera í þjóðkirkjunni það fardagaár sem þá væri að hefjast.⁸⁶ Var þetta líklega í fyrsta sinn sem lagt var til að flutningur milli þjóðkirkju og fríkirkjusafnaðar væri bundinn við fardaga þótt Magnús hefði sjálfur vissulega reifað þann möguleika löngu áður. Loks bryddaði Magnús upp á hvort ekki væri rétt að fríkirkjuprestar/-forstöðumenn sendu árlega hlutaðeigandi þjóðkirkjupresti afrit af manntalsbók sinni og hann færði það jafnvel aftan við manntal þjóðkirkjusafnaðanna í manntalsbók prestakallanna til að koma í veg fyrir tvítalningu.⁸⁷

Prófasturinn í Suður-Múlaprófastsdæmi, Jóhann L. Sveinbjarnarson (1854–1912) á Hólum, mælti með við biskup að erindið yrði tekið til greina.⁸⁸ Þess má geta að á undangengnum árum hafði deila staðið milli hans og Guðmundar Ásbjarnarsonar (1866–1925), forstöðumanns fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði og síðar einnig safnaðarins á Völlum, um manntalsgögn og skýrsluskil (sjá þriðju og síðustu grein í þessum flokki). Erindið gekk áfram til stjórnarráðsins en í umsögn sinni um það benti biskup á að þegar hefði verið skorið úr um eitt efnisatriði þess með því að stjórnarráðið hefði fallist á áður nefnd fyrirmæli hans sjálfs til dómkirkjuprestsins og prestsins í Mosfellsprestakalli um að taka engar tilkynningar um úrsögn úr þjóðkirkjunni gildar nema því aðeins að þær kæmu beint frá þeim sem vildu segja sig úr kirkjunni og væru nægilega skýrar.⁸⁹ Kvað biskup þá reglu hafa byggst á 1. og 2. gr. laga um leysingu sóknarbands. Sagðist biskup mundu kynna prófastinum í Suður-Múlasýslu þessi fyrirmæli sín til eftirbreytni og senda stjórnarráðinu þau til athugunar. Kvað hann öðrum efnisatriðum ósvarað og óskaði úrskurðar stjórnarráðsins um þau.⁹⁰ Hallgrímur biskup lýsti sig sammála sjónarmiðum Magnúsar Bl. Jónssonar um að

⁸⁵ Sama stað.

⁸⁶ Sama stað.

⁸⁷ Sama stað.

⁸⁸ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/44-13. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 10. júlí 1908.

⁸⁹ Sama stað.

⁹⁰ Sama stað; *Stjórnartíðindi* 1882 A, bls. 66 (l. nr. 9/1882).

sömu reglur ættu að gilda um alla flutninga milli safnaða, hvort sem um væri að ræða þjóðkirkju- eða fríkirkjusöfnuði. Þó taldi hann að það kynni að vera „fulltæpt“ að binda úrsögnina við fardaga. Í því efni væri þó nægilega rýmkað til ef fresturinn væri miðaður við júnílok ár hvert. Eftir það ætti enginn að eiga kost á að leysa sig með úrsögn undan gjöldum til prests og kirkju í þjóðkirkjunni til jafnlengdar að ári. Þetta ætti einnig að ná til fólks sem hugsanlega flytti milli fríkirkjusafnaða. Þá taldi hann að krefjast ætti að úrsögninni fylgdi vottorð sem sannaði inngöngu í þann fríkirkjusöfnuð er hlut ætti að máli.⁹¹ Loks taldi biskup að fremur ætti að leggja fyrir þjóðkirkju- og fríkirkjupresta að bera manntalsbækur sínar saman en að þeir síðarnefndu sendu hinum afrit.⁹² Það var vissulega skref í átt til jafnræðis þótt tímabinding úrsagnarinnar byggðist á hagsmunum þjóðkirkjunnar fremur en fríkirkjusafnaðanna og ætti sér ekki stöð í lögum.

Hannes Hafstein (1861–1922) ráðherra kvað stjórnarráðið verða að ganga út frá því að kirkjuleg yfirvöld skorti heimild til að takmarka þann rétt sem lög um utanþjóðkirkjufólk frá 1886 gæfu fólki til að vera utan kirkjunnar með því að einskorða úrgöngu úr henni við sérstakan tíma árs. Aftur á móti yrði það að heyra undir dómstóla að skera úr um hvaða áhrif úrsögn úr þjóðkirkjunni hefði á gjaldskyldu fólks á því ári sem það gengi í utanþjóðkirkjufélag. Stjórnarráðinu, fyrir sitt leyti, væri þó næst að ætla að ekki verði heimtuð af fólki frekari gjöld til sóknarprests og -kirkju í þjóðkirkjunni en þau er fallið hefðu í gjald-daga meðan það hefði enn verið í kirkjunni. Byggði hann það álit á 16. gr. áðurnefndu laganna og 3. gr. laga um breytingu á þeim frá 1904.⁹³

Þrátt fyrir þetta álit Hannesar Hafstein varð nokkru síðar, í ráðherratið Björns Jónssonar (1846–1912), ofan á að miða gjaldfrelsi gagnvart þjóðkirkjunni við úrsögn í síðasta lagi í fardögum. Kom það til vegna deilu um uppgjör milli þjóðkirkjunnar og fríkirkjusafnaðarinnar í Gaulverjabæjarsókn. Upphaflega hafði gjaldfrelsi fríkirkjufólksins verið miðað við þann tíma er Runólfur Runólfsson afhenti sýslumanni eiðstaf sinn eftir að ríkisvaldið staðfesti kjör hans 1909. Var það gert á grundvelli áðurgreindra lagagreina sem ekki miðuðu gjaldfrelsið við neinn ákveðinn tíma. Virðist biskup, sem þá var Þórhallur Bjarnarson, upphaflega hafa verið þeirri aðferð sammála. Árið eftir vildi hann þó að fríkirkjusöfnuðurinn greiddi til baka 5/12 hluta prestgjaldsins fyrir fardagaárið 1909–1910 samkvæmt þeirri reglu að miða ætti gjaldfrelsi utanþjóðkirkjufólks við úrsögn úr þjóðkirkjunni í síðasta lagi í fardögum. Fríkirkjufólkið var þessu andvígt þar sem kirkjubýgging hafði staðið yfir í sókninni og guðsþjónustuhald því legið niðri á þessum tíma. Söfnuðurinn hefði því átt að vera gjaldalaus að þess mati.⁹⁴ Ástæða þess að biskup tók málið upp að nýju var sú að hann taldi að glundroði mundi ríkja ef fólk „hlypi á milli trúfélaga“ á öllum tímum árs. Kvaðst hann hafa kannað hug fólks þar sem fríkirkjusöfnuðir störfuðu og taldi eftir það í allra þágu að sett yrðu föst tímamörk fyrir trúfélagaskiptum og

⁹¹ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/44-13. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 10. júlí 1908.

⁹² Sama stað.

⁹³ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/44-13. Bréfasafn. Ráðherra til biskups 22. júlí 1908; *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 22 (l. nr. 4/1886); *Stjórnartíðindi* 1904 A, bls. 20–22 (l. nr. 6/1904).

⁹⁴ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 30. október 1909; *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 3. maí 1910.

greiðslum gjalda. Áleit hann að utanþjóðkirkjufólk mundi vissulega kjósa að miðað yrði við áramót þar sem gjaldaár safnaðanna hæfist þá. Þó mundi það setta sig við fardagana sem prestgjald þjóðkirkjunnar miðaðist við og kæmi það líka betur heim við flutninga fólks almennt. Áleit hann auk þessa vart til svo „ómerkilegt“ félag að það bindi ekki úrsagnir úr því við einhvern vissan tíma.⁹⁵ Fylgdi Þórhallur í þessu efni sömu stefnu og fyrirrennari hans þótt nokkru skeikaði um tímaviðmiðunina. Féllst stjórnarráðið og ráðherra nú á að miða skyldi gjaldfrelsi við úrsögn fyrir fardaga eða í fardögum. Skyldi sú viðmiðun einnig gilda um afturvirktt uppgjör safnaðanna í Gaulverjabæjarsókn.⁹⁶ Í kjölfarið var öllum starfandi fríkirkjusöfnum, þ.e. í Reykjavík, í Reyðarfirði og á Völlum, auk safnaðarins í Gaulverjabæjarsókn, tilkynnt um að felldur hefði verið formlegur úrskurður um að úrsagnir úr þjóðkirkjunni „[...] skuli eptirleiðis miðast við fardaga, þannig að menn verði að segja sig út úr þjóðkirkjunni og inn í utanþjóðkirkjusöfnuð fyrir fardaga eða í fardögum til þess að losast við að greiða það fardagaárið sem þá fer í hönd til þjóðkirkjunnar samkvæmt lögum nr. 4. 30. júlí 1909“.⁹⁷ Var þessi regla einnig viðhöfð við stofnun nýrra fríkirkjusafnaða, eins og t.d. kom fram við stofnun safnaðar í Fróðárhreppi undir lok rannsóknartímans.⁹⁸ Í þessu máli virðist Björn Jónsson hafa fylgt íhaldssamari og þjóðkirkjusinnaðri stefnu en Hannes Hafstein, sem ekki vildi þrengja rétt fólks umfram það sem lögin frá 1886 kváðu á um.

Rannsóknin sýnir að fyrst í stað ríkti sveigjanleiki í samskiptum þjóðkirkjunnar og fríkirkjusafnaðanna hvað trúfélagaskipti og gjaldtöku áhrærði. Var meira að segja fremur gætt sjónarmiða sem samrýmdust eðli og hagsmunum safnaðanna. Gjaldskylda fólks við þjóðkirkjuna var þá talið ljúka er forstöðumaður fríkirkjusafnaðar varð fullgildur í starfi sínu að svörnum embættiseiði og við síðari trúfélagaskipti er einstaklingur hafði skilað sóknarpresti formlegri yfirlýsingu um úrsögn úr þjóðkirkjunni. Samræmdist þessi framkvæmd lögum um utanþjóðkirkjumenn frá 1886 að því leyti að í þeim var ekki að finna nein ákvæði um þetta efni. Á rúmum tveimur áratugum tókst embættismönnum þjóðkirkjunnar að snúa fyrirkomulaginu þjóðkirkjunni í vil. Frá 1910 var tekið að miða gjaldtökuna við fardagaárið og krefjast þess að úrsögn bærisk í síðasta lagi í fardögum til að viðkomandi yrði gjaldalaus við kirkjuna næsta árið.

Þrátt fyrir að nokkuð væri slakað á klónni þegar um afmörkun á starfssvæðum fríkirkjusafnaða var að ræða eftir því sem leið á rannsóknartímann var fólki áfram gert torvelt fyrir að ganga úr þjóðkirkjunni og gjaldskylda þess við hana dregin á langinn svo sem verða mátti. Þessi framkvæmd átti sér ekki stoð í lögum um utanþjóðkirkjumenn frá 1886. Á fyrsta skeiði trúfrelsis í landinu var

⁹⁵ Sama stað. Sjá: *DÍ*. Bps. CIII: 78. Bréfabók biskups 1909–1910. Biskup til Runólfs Runólfssonar 26. febrúar 1910.

⁹⁶ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Stjórnarráðið til forstöðum. utanþjóðkirkjusafnaðarins í Gaulverjabæjarsókn 24. maí 1910; *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 3. maí 1910; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófjastdæmi á Íslandi 1*, bls. 325, 327–328.

⁹⁷ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Stjórnarráðið til biskups, forstöðunefnda og forstöðumanna 28. maí 1910. Sjá og vegna fríkirkjusafnaðar í Bolungavík: *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Ráðherra til stjórnar utanþjóðkirkjusafnaðarins í Hólshreppi 26. ágúst 1915; *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Biskup til stj. 14. ágúst 1915; *Stjórnartíðindi* 1910 B, bls. 105–106 (bréf stjórnarráðsins til biskups 28. maí 1910).

⁹⁸ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 4. september 1913; *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 4. september 1913.

Því aðallega um félagafrelsi að ræða meðan einstaklingum var gert torvelt fyrir að nýta sér trúfrelsi sitt. Aðeins Hannes Hafstein ráðherra virðist hafa séð þennan flöt á málinu en hann taldi kirkjunnar menn vilja ganga lengra í þessu efni en lög heimiluðu.

Hve langt mátti ganga í gjaldtöku?

Eftir þetta skutu prestar og jafnvel sóknarnefndir í nokkrum tilvikum vafa- og/eða deilumálum varðandi gjaldtöku til stjórnvalda. Í lok árs 1911 kærði þannig sóknarnefnd á Stokkseyri að það fólk úr sókninni sem tekið hafði verið inn í frikirkjusöfnuðinn í Gaulverjabæjarsókn hefði borgað þar lægra gjald til safnaðarins en því hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar og hefði það sjálfst gengist fyrir þeirri ívilnun. Braut þetta í bága við viðmið sem lögfest hafði verið 1909, þ.e. að fólk skyldi því aðeins frjálst undan gjöldum við þjóðkirkjuna að það greiddi a.m.k. jafnhátt gjald til eigin safnaðar og því hefði borið að greiða til hennar. Skoraði nefndin á biskup að láta rannsaka hvernig í þessu lægi og að koma fram lagaábyrgð á hendur þeim sem valdið hefði. Var að mati nefndarinnar „[...] ekki aðeins ólöglegt, heldur líka óheiðarleg og hættuleg samkeppni við þjóðkirkjuna [...]“ ef frikirkjufólk kæmist hjá að greiða full gjöld.⁹⁹ Grunadi biskup forstöðumann safnaðarins um að standa að baki þessari skertu innheimtu og taldi að til lítils væri að leita umsagnar hans.¹⁰⁰ Þó áleit hann rétt að hefja ekki þegar í stað „sýslumannsrannsókn“ heldur væri sóknarnefnd Stokkseyrar rétt og skylt að krefjast lögmaelts gjalds, jafnvel með lögtaki ef svik væru í tafla um uppfyllingu undanþáguskilyrðisins frá gjaldinu.“¹⁰¹ Ráðherra lýsti sig samþykkan tillögu biskups.¹⁰²

Annars konar árekstur vegna gjaldskyldu utanþjóðkirkjufólks á Stokkseyri kom og til kasta yfirvalda á þessu máli er frikirkjumaður þar spurði stjórnarráðið hvort honum bæri að greiða Stokkseyrarkirkju legkaup vegna greftrunar konu sinnar þar.¹⁰³ Í svari Kristjáns Jónssonar (1852–1926) ráðherra kom m.a. fram að frikirkjufólk í Gaulverjabæjarsöfnuði búsett í Stokkseyrarsókn hefði að lögum engan rétt til afnota af kirkjugarði á Stokkseyri. Ef það óskaði legstaðar þar fyrir sig eða sína yrði það að semja um það við sóknarnefnd Stokkseyrarsafnaðar og hlíta þeim skilyrðum er hún setti.¹⁰⁴

Eftir að frikirkjusöfnuðurinn í Gaulverjabæjarsókn hafði verið lagður niður (1916) spurdist prófasturinn í Árnesprófastsdæmi svo fyrir um hvernig haga skyldi innheimtu lögmaeltra sóknargjalda sem hann bjóst við að fyrrverandi safnaðarfólk teldi sér ekki skylt að greiða að fullu þar sem prestur þess hefði

⁹⁹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Sóknarnefnd til biskups 10. nóvember 1911. Gjaldamál þessa fólks höfðu þegar komið til kasta biskups árið áður og þá varðandi það hversu lengi því væri skylt að gjalda til þjóðkirkjunnar eftir úrsögn úr henni. Taldi biskup því skylt að greiða til hennar út það fardagaár sem stóð yfir er það sagði sig úr kirkjunni. Í millitíðinni væri þá mögulegt að vinna að rýmkuð starfssvæðis safnaðarins í Gaulverjabæ þannig að það næði einnig yfir Stokkseyrarsókn. *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 24. febrúar 1910. Sjá: *ÞÍ*. Bps. CIII: 78. Bréfabók biskups 1909–1910. Biskup til Runólfs Runólfssonar 26. febrúar 1910.

¹⁰⁰ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 18. nóvember 1911.

¹⁰¹ Sama stað.

¹⁰² *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Ráðherra til biskups 4. desember 1911.

¹⁰³ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Gísli Gíslason til stjórnarráðsins 27. desember 1911.

¹⁰⁴ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Ráðherra til Gísla Gíslasonar 10. janúar 1912.

þjónað því nokkuð framan af yfirstandandi fardagaári.¹⁰⁵ Biskup kvaðst hafa það fyrir satt að prestinum hefði verið greitt til áramóta 1915–1916 og áleit sanngjarnt að miða við það.¹⁰⁶ Jón Magnússon (1859–1926) forsætisráðherra úrskurðaði enda að þau sem verið hefðu í söfnuðinum greiddu fyrir helming fardagaársins 1916–1917 til þjóðkirkjunnar.¹⁰⁷

Í ársbyrjun 1915 sendi biskup stjórnarráðinu svo þrjár fyrirspurnir frá sóknarprestinum í Görðum á Álftanesi og sóknarnefnd Gardasóknar, sem um þetta leyti varð að Hafnarfjarðarsókn. Lutu þær að gjaldskyldu manns sem flutt hafði í sóknina upp úr fardögum 1914 og þá gengið úr þjóðkirkjunni og í fríkirkjusöfnuðinn í Hafnarfirði.¹⁰⁸ Fyrsta spurningin hljóðaði svo:

Er eigi hver þjóðkirkjumeðlimur, sem inn í Garða- og Bessastadasóknir flytur eftir 6. júní ár hvert, gjaldskyldur til þjóðkirkjunnar og prestslaunasjóðs, sem og til sóknarprests þjóðkirkjusafnaðar að því er borgun fyrir aukaverk snertir, það fardagaár, sem yfir stendur fram til næstkomandi 6. júní, enda þótt hann segi sig úr þjóðkirkjunni einhverntíma á umræddu fardagaári?¹⁰⁹

Biskup taldi svarið þegar liggja fyrir með fyrrnefndum úrskurði stjórnarráðsins frá 1910 um flutning fólks milli utanþjóðkirkju- og þjóðkirkjusafnaða.¹¹⁰

Önnur spurningin var öllu flóknari út frá trúfrelsisstjórnarmiðum séð:

Gildir eigi eitt og hið sama um þá, sem hingað inn kunna að flytja úr einhverjum utanþjóðkirkjusöfnuði annarsstaðar á landinu? Eru eigi allir innflytjendur hingað sem sjálfaldir meðlimir þjóðkirkjunnar uns þeir segja sig úr skriflega og þá gjaldskyldir þjóðkirkjunni og presti hennar fram til næstu fardaga, nema hafi þeir komið og sagt sig úr fyrir 6. júní á innflutningsárinu?¹¹¹

Í þessari rannsókn verður ekki kannað hversu algengt hafi verið að tilvik af þessu tagi kæmu upp. Nærtækast er að ætla að þessu máli hafi í raun aðeins gegnt um fríkirkjufólk sem fluttist milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar eða Reyðarfjarðar og Valla á Héraði. Ljóst er að með þessu fyrirkomulagi hefði fríkirkjufólki þó verið gert erfitt fyrir og að það væri orðið gjaldskyldt þjóðkirkjunni þótt um takmarkaðan tíma væri, eða í hæsta lagi eitt ár. Sýnir fyrirspurnin hve langt sumir trúnaðarmenn þjóðkirkjunnar voru tilbúnir að ganga til að torvelda fólki að notfæra sér stjórnarskrár- og lögvarinn rétt sinn. Svar Þórhalls biskups var á þá leið að utanþjóðkirkjufólk sem flytti út fyrir fríkirkjusvæði sitt væri sjálffallið undir gjaldskyldu við þjóðkirkjuna ætti það ekki kost á inngöngu í utanþjóðkirkjusöfnuð á nýjum dvalarstað sínum eða vildi ekki sæta inngöngu í söfnuð sem hefði verið stofnaður af öðru tilefni en upprunalegur söfnuður þess.¹¹² Aftur á móti áleit hann fjarstæðu að krefjast að fríkirkju-

¹⁰⁵ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/143-4. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 15. maí 1917.

¹⁰⁶ Sama stað.

¹⁰⁷ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/143-4. Bréfasafn. Forsætisráðherra til biskups 14. júní 1917; *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/143-4. Bréfasafn. Álitsgjörð G[udmundar] Sv[einbjörnssonar] 2. júní 1917.

¹⁰⁸ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/143-4. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 27. janúar 1915; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófestsdæmi 1*, bls. 423–424.

¹⁰⁹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/143-4. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 27. janúar 1915. Frá 1847 var 6. júní skilgreindur sem fardagur presta, einnig nefndur nýi fardagur. Árni Björnsson, *Saga daganna*, Reykjavík: Mál og menning, 1993, bls. 140.

¹¹⁰ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/143-4. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 27. janúar 1915; *Stjórnartíðindi* 1910 B, bls. 105–106 (bréf stjórnarráðsins til biskups 28. maí 1910).

¹¹¹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/143-4. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 27. janúar 1915.

¹¹² Sama stað.

fólk sem flytti frá Reykjavík til Hafnarfjarðar væri skylt að greiða til þjóðkirkjunnar í heilt gjaldaár ef það á annað borð vildi ganga í fríkirkjusöfnuðinn í Hafnarfirði. Fríkirkjufólk skyldi því vera laust við gjöld til þjóðkirkjunnar ef „utanþjóðkirkja“ sem það vildi tilheyra væri fyrir í nýju heimkynnunum. Átti það að gefa safnaðaraðild sína upp við manntal eða í síðasta lagi í eindaga sóknargjalda, sem miðaðist við árslok.¹¹³

Þriðja spurningin laut síðan að því hvort aðeins skyldi skrá það fólk í bækur þjóðkirkjunnar sem flytti milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og ætlaði að tilheyra henni eftir flutninginn. Taldi biskup svo vera.¹¹⁴

Með tilvísun til úrskurðar síns frá 28. maí 1910 var stjórnarráðið sammála biskupi í öllum atriðunum. Varðandi þá tilhliðrunarsemi sem það taldi hann vilja sýna fríkirkjufólki sem flytti milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar áleit það þó að fara bæri varlegar og binda ráðstöfunina til að byrja með við þann tíma er sami maður, þ.e. Ólafur Ólafsson, gegndi stöðu forstöðumanns hjá báðum söfnum. Þá vildi stjórnarráðið að fríkirkjufólkið skýrði sóknarprestinum í síðasta lagi fyrir lok nóvembermánaðar frá því að það hefði verið skráð sem félagar í utanþjóðkirkjusöfnuðinum á nýja staðnum.¹¹⁵

Loks ber þess að geta að vafi um gjaldskyldu fríkirkjufólks gat komið upp ef hlé varð á þjónustu löggilts forstöðumanns. Lárus Halldórsson fríkirkjuprestur flutti austan af fjörðum til Reykjavíkur sumarið 1899 án þess þó að segja sig formlega frá þjónustu við söfnuð sinn í Reyðarfirði. Kann Lárus að hafa látið það vera af tilhliðrunarsemi við safnaðarfólkið en brotthvarf hans bakaði því gjaldskyldu við þjóðkirkjuna. Söfnuðurinn sneri sér til Þorvarðar Brynjólfs-sonar (1863–1925) guðfræðikandidats, sem hlotið hafði staðfestingu sem forstöðumaður fríkirkjusafnaðarins á Völlum, og fór fram á að hann þjónaði þeim í háverkum, sem hann gerði til 1901. Í ársbyrjun 1900 spurðist Jóhann L. Sveinbjarnarson prófastur fyrir um hjá stiftsyfirvöldum hvort þessar ráðstafanir leystu söfnuðinn undan gjaldskyldu við þjóðkirkjuna eða hvort Hólmakirkju og -presti bæru venjulegar tekjur af utanþjóðkirkjusöfnuðinum í Reyðarfirði frá þeim tíma sem Lárus vék frá söfnuðinum. Efaðist hann um að köllun Þorvarðar gæti talist fullgild fyrr en hann hefði einnig fengið opinbera staðfestingu sem forstöðumaður í Reyðarfirði.¹¹⁶ Stiftsyfirvöldum þótti að um „[...] sérstakt og einkennilegt málefni væri að ræða.“¹¹⁷ Töldu þau mögulegt að Lárus hefði fengið leyfi landstjórnarinnar til fjarvistar um tíma eða gert einhverjar aðrar ráðstafanir um millibilþjónustu með samþykki hennar án þess að þeim væri kunnugt um það. Álitu þau á hinn bóginn fjarstæðu að Lárus gæti haldið áfram að teljast prestur safnaðarins, löngu eftir að hann væri fluttur suður.¹¹⁸ Álitu þau því að slík málamyndaþjónusta, sem í raun væri óframkvæmanleg, gæti ekki fríað fríkirkjusöfnuðinn í Reyðarfirði frá gjöldum til

¹¹³ Sama stað.

¹¹⁴ Sama stað.

¹¹⁵ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/143-4. Bréfasafn. Stjórnarráðið til biskups 10. febrúar 1915; *Stjórnartíðindi* 1910 B, bls. 105–106 (bréf stjórnarráðsins til biskups 28. maí 1910).

¹¹⁶ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Stiftsyfirvöld til landsh. 19. febrúar 1900; *ÞÍ*. Kirknasafn. Fríkirkjan í Reyðarfirði D/1. Gjörðabók, bls. 97–98.

¹¹⁷ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Stiftsyfirvöld til landsh. 19. febrúar 1900.

¹¹⁸ Sama stað.

prests og kirkju sóknarinnar.¹¹⁹ Málið hélt áfram til landshöfðingja sem taldi að dómstólar yrðu að skera úr um hvort safnaðarfólkið væri, af fram komnum ástæðum, aftur orðið gjaldskylt við þjóðkirkjuna og þá frá hvaða tíma. Hvatti hann prófastinn, Jóhann L. Sveinbjarnarson, til að höfða mál og kvað hann eiga vísa gjafsókn á báðum dómstigum.¹²⁰

Þorvarður Brynjólfsson lét fljótt af þjónustu sinni fyrir austan og gerðist þjóðkirkjuprestur vestur á fjörðum. Í millibilsástandi sem skapaðist vegna dráttar á staðfestingu Guðmundar Ásbjarnarsonar, fyrst sem forstöðumanns fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði og síðar einnig á Völlum (sjá fyrri grein), tók það sem Lárus Halldórsson kallaði „hið þjóðkirkjulega hneixli“ að segja til sín. Með því átti hann við að tekið væri að innheimta venjuleg lögboðin gjöld til kirkju og prests þjóðkirkjunnar strax og hlé varð á prestsþjónustu meðal fríkirkjufólks þótt sýnt væri að einungis væri um tímabundið ástand að ræða. Var jafnvel beitt lögtaki við innheimtuna. Hólmmapresti mun samt hafa verið bætt tekjutapið sem hann varð fyrir vegna fækkunar í söfnuði hans.¹²¹

Þessar aðstæður voru ekki eins algengar og ummæli Lárusar Halldórssonar gætu bent til. Skömmu eftir að hann viðhafði ofangreind ummæli átti hann þó aftur hlut að því að eyða skapaðist í prestsþjónustu utanþjóðkirkjusafnaðar. Árið 1902 tók að bera á deilum milli hans og fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík. Í lok nóvember var haldinn safnaðarfundur þar sem 79 manns greiddu atkvæði með tillögu um að Lárusi yrði sögð upp þjónustan með tilskildum fresti. Á móti voru 11 en í söfnuðinum voru þá alls 154 atkvæðisbær.¹²² Lárus krafðist að sínu leyti viðunandi fjárhagsuppgjors af safnaðarins hálfu ella mundi hann þegar í stað láta af þjónustu við söfnuðinn og tilkynna dómkirkjuprestinum um það án tafar. Þjó þar undir sú hótun að safnaðarfólkið yrði þegar í stað gjaldskylt gagnvart þjóðkirkjunni. Frá nefndum tíma vann hann ekkert prestsverk fyrir söfnuðinn og afboðaði auk þess fyrirhugaðar guðsþjónustur.¹²³ Ólafur Ólafsson hóf aftur á móti að vinna ýmis prestsverk fyrir safnaðarfólkið.¹²⁴ Vegna deilnanna dróst nokkuð að mögulegt væri að sýna fram á formlegt og rétt kjör Ólafs og þar með varð dráttur á að hann fengi opinbera staðfestingu

¹¹⁹ Sama stað.

¹²⁰ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landsh. til stiftsyfirvalda 22. febrúar 1900.

¹²¹ „Fríkirkjusöfnuðurinn í Reyðarfirði“, *Fríkirkjan* 2/1902, bls. 31–32, hér 32. Við prestaskipti 1901 gerði söfnuðurinn í Reyðarfirði ráðstafanir til að verjast gjaldakröfum fyrir dómi. Þá skyldi leitað úrskurðar um gjaldakröfu þjóðkirkjunnar á hendur safnaðarfólki er búsett væri í Skorrastadasókn. *Df.* Kirknasafn. Fríkirkjan í Reyðarfirði D/1. Gjörðabók, bls. 55–56, 63; *Df.* Bps. 1994 E/9. Biskup til sóknarnefndar í Norðfirði 13. desember 1915 (símskeyti). Við forstöðumannskipti tilkynnti kirkjumálaráðherra að söfnuðurinn þyrfti að velja sér forstöðumann sem allra fyrst og fá hann staðfestan til að falla ekki í gjaldskyldu við þjóðkirkjuna. *Df.* Kirknasafn. Fríkirkjan í Reyðarfirði D/1. Gjörðabók, bls. 87.

¹²² *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Stjórn safnaðarins til landsh. 2. apríl 1903 (þýðing).

¹²³ Sama stað; *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Udskrift af Reykjavíks Frimenigheds Forsamlingsprotokol 29. nóvember 1902 (þýðing). Í vitniburði sínum kvað B.B. L.H. hafa krafist „passende lönningsstillæg“ fyrir þann tíma sem hann hefði þegar þjónað söfnuðinum og tryggingu fyrir að hann fengi „passende Lön“ fyrir uppsagnarfrestinn ella hætti hann tafarlaust. *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Vottorð Björns Bjarnarsonar 31. mars 1903 (þýðing). Hitt vitnið bar að L.H. hefði krafist tryggingar fyrir „passende Lön“ í uppsagnarfrestinum fyrir næstu fyrirhuguðu guðsþjónustu en kvaðst mundu gæta sanngirni. *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Vottorð Gísla Helgasonar 19. apríl 1903 (þýðing). Sjá og yfirlýsingu Ólafs Ólafssonar um höfnun Lárusar Halldórssonar um að annast jarðarför nema gengið væri að kröfum hans. *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Yfirlýsing Ólafs Ólafssonar 2. apríl 1903 (þýðing).

¹²⁴ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Jón Sigurðsson til det islandske ministerium i Kjøbenhavn 10. febrúar 1903.

sem forstöðumaður þar til í lok árs 1903.¹²⁵ Meðan á þessu stóð fór fulltrúi safnaðarins fram á úrskurð landshöfðingja um hvort heimilt væri að líta á Ólaf sem „millibilsprest“ safnaðarins þar til staðfesting hans fengist eða hvort safnaðarmenn væru skyldir til að greiða dómkirkjuprestinum tilskilin gjöld og að bæta honum þá m.a. tekjutap vegna aukaverka sem Ólafur ynni.¹²⁶ Í umsögn um málið áleit biskup að samkvæmt 16. gr. laga um utanþjóðkirkjufólk frá 1886 gæti ekki leikið vafi á að utanþjóðkirkjusöfnuðurinn væri gjaldskyldur kirkju og presti þjóðkirkjunnar á meðan konungleg staðfesting á nýjum presti væri ófengin.¹²⁷ Landshöfðingi féllst á að álit biskups kæmi vissulega heim og saman við orðalag tédtrar greinar en taldi þó ekki augljóst að utanþjóðkirkjusöfnuður ætti að missa gjaldfrelsi sitt gagnvart þjóðkirkjunni þegar í stað ef hann gerði tafarlausar ráðstafanir til að fá annan prest löggiltan. Það vafamál kvað hann þó heyra undir dómstóla.¹²⁸ Endir var svo bundinn á þessa tímabundnu gjaldskyldu 1904 er lögfest var að fríkirkjufólk skyldi vera gjaldalaust til þjóðkirkjunnar í allt að sex mánuði meðan á prestaskiptum stæði.¹²⁹

Könnunin sýnir hve langt ýmsir fulltrúar þjóðkirkjunnar vildu ganga í að binda utanþjóðkirkjufólk við kirkjuna hvað gjaldskyldu varðaði. Veraldleg yfirvöld unnu með þjóðkirkjunni í þessu efni þrátt fyrir að þau vildu ekki fylgja ýtrustu hugmyndum kirkjulegra embættismanna. Stóðu þau þannig í vegi fyrir að fríkirkjufólk sem fluttist milli staða þar sem slíkir söfnuðir störfuðu yrði sjálfkrafa skráð í þjóðkirkjuna og yrði henni gjaldskylt svo að nam allt að heilu fardagaári þótt það ætlaði sér aldrei að tilheyra henni. Í því efni vildi Þórhallur Bjarnarson biskup þó að sanngirni væri gætt. Sökum þess hve lögin frá 1886 voru fáorð voru mörg álitamál sem veraldleg stjórnvöld töldu sig ekki geta úrskurðað um og að leita þyrfti til dómstóla ef full vissa ætti að fást. Enn voru því mörg álitamál til staðar varðandi framkvæmd trúfrelsis í landinu. Undirstríkar þetta að á fyrsta skeiði trúfrelsis var fremur um að ræða kirkjulegt félagsfrelsi en einstaklingsbundið frelsi.

Þá var lengi vel vakað yfir því að fólk sem ekki nyti þjónustu löggilts forstöðumanns yrði ekki gjaldalaust við þjóðkirkjuna þótt um skammtímaástand væri að ræða. Sýnir það enn það viðhorf að hagsmunir þjóðkirkjunnar skyldu ávallt ganga fyrir þegar vafamál stungu upp kollinum varðandi gjaldtöku á hinum kirkjulega vettvangi.

Lokaorð

Með tilkomu lúthersku fríkirkjusafnaðanna sem hér voru stofnaðir frá um 1880 til 1915 laust saman tvenns konar félagskerfum innan „trúarstofnunarinnar“ í landinu. Annars vegar var um að ræða þjóðkirkjuna, sem var fastmótuð opinber stofnun sem starfaði enn að verulegu leyti á sambærilegan hátt og

¹²⁵ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Ministeriet f. Isl. Til landshöfðingja 17. júní 1903.

¹²⁶ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Ólafur Runólfsson til landshöfðingja 25. júní 1903.

¹²⁷ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Biskup til landshöfðingja 20. júlí 1903.

¹²⁸ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landshöfðingi til biskups 31. júlí 1903 og sams konar bréf til Ólafs Runólfssonar.

¹²⁹ *Sjórnartíðindi* 1904 A, bls. 20 (l. nr. 6/1904, 3. gr.).

ríkiskirkja fyrri tíma hafði gert fyrir 1874. Eins og sýnt hefur verið fram á þjónaði biskup t.a.m. sem ráðgjafi landstjórnarinnar á trúarlega sviðinu. Af þeim sökum öðlaðist hann m.a. víðtæk mótunaráhrif á málefni frikirkjusafnaðanna. Þeir voru hins vegar frjáls félagasamtök sem störfuðu fyrst í stað á grundvelli trúfrelsisákvæða stjórnarskrárinnar einna en síðar laga um utanþjóðkirkjumenn frá 1886. Ákvæði laganna voru þó það rúm að stjórnvöld urðu að móta framkvæmd þeirra á viðamiklum sviðum. Var það gert með stjórnvaldsúrskurðum af ýmsu tagi sem felldir voru mikinn hluta þess tímabils sem hér er til rannsóknar.

Frikirkjusöfnuðirnir voru vissulega stofnaðir vegna mismunandi staðbundins vanda sem upp kom í einstökum sóknum eða prestaköllum sem hlutu þar með að mynda þungamiðjuna í útbreiðslusvæði þeirra. Ekkert var þó í hugmyndum fólks um frjálsa söfnuði utan þjóðkirkjunnar sem kallaði á formlega staðbindingu þeirra. Ekkert var heldur að finna í lögnum frá 1886 sem krafðist hennar. Vegna þrýstings frá embættismönnum þjóðkirkjunnar varð þó að reglu að starfssvæði safnaðanna var vendilega tilgreint. Var það oftast gert við opinbera staðfestingu á kjöri presta þeirra eða forstöðumanna. Meginreglan var sú að miðað var við sóknir þjóðkirkjunnar þótt tekið væri að gæta meðalhófs í því efni eftir því sem leið á rannsóknartímabilið. Þá var í vaxandi mæli tekið tillit til fólksfjölda í söfnuðum og vegalengda við endanlega afmörkun starfssvæða og ekki síður breytingar á þessari afmörkun. Markmiðið var ekki síst að tryggja að ekki væri um málamyndasamband prests/forstöðumanns og safnaðarfólks að ræða. Einnig skyldi unnið gegn óheftri útbreiðslu safnaðanna.

Af frikirkjusafnaðanna hálfu var eðlilegt að fólk gæti skipt um trúfélag hvenær sem því þóknaðist og að gjaldskylda þess til trúfélags, þjóðkirkjunnar eða frikirkjusafnaðar, miðaðist við trúfélagaskiptin. Ekkert var heldur í lögnum frá 1886 sem kallaði á föst viðmið í þessu efni. Á tímabilinu komst sú fasta skipan á að gjaldfrelsi gagnvart þjóðkirkjunni skyldi miðað við úrsögn fyrir fardaga eða í síðasta lagi í fardögum. Bærist úrsögn síðar var fólk gjaldskylt þjóðkirkjunni út fardagaárið. Vildu jafnvel sumir málsvarar þjóðkirkjunnar túlka ákvæði laga um gjaldfrelsi svo þröngt að frikirkjufólk skyldi jafnvel gjaldskylt við þjóðkirkjuna í allt að einu ári við flutning milli tveggja frikirkjusafnaða þótt vilji þess staði aldrei til að tilheyra þjóðkirkjunni. Þórhallur Bjarnarson biskup vildi þó að gætt væri meðalhófs í þessu efni og fólki ekki íþyngt um of við trúfélagaskipti. Sama vildu kirkjulegir aðilar að gildi ef hlé varð á þjónustu forstöðumanns frikirkjusafnaðar með opinbera staðfestingu, enda væri sýnilega um tímabundið ástand að ræða. Veraldleg yfirvöld töldu þó að gæta þyrfti hófs í þessu efni. Markmið veraldlegra og kirkjulegra yfirvalda voru þó hin sömu, þ.e. að fólk hagnaðist ekki á að ganga í frikirkjusöfnuð. Því var sú viðmiðun lögfest að fullt gjaldfrelsi gagnvart þjóðkirkjunni fengist því aðeins að ekki væru greidd lægri gjöld til frikirkjusafnaðar en fólki bæri að greiða henni.

Á þennan hátt tókst embættismönnum þjóðkirkjunnar, í samvinnu við veraldleg yfirvöld, að sveigja starf frikirkjusafnaðanna að skipulagi, starfsháttum og rekstrarfyrirkomulagi þjóðkirkjunnar. Virðast ákvæði laganna frá 1886 hafa verið þrengd mjög í framkvæmd miðað við það sem nauðsynlegt var samkvæmt bókstaflegri túlkun þeirra. Stefna þjóðkirkjunnar í þessu efni réðst af

óttu embættismanna hennar um að tekjur presta og sóknarkirkna rýrnuðu og rekstur sóknanna almennt yrði óvissari en verið hafði. Þá óttuðust þeir að kirkjuskipan landsins kynni að bíða varanlegan hnekki og allt kirkjulegt eftirlit og aðhald verða torveldara vegna samkeppni við fríkirkjusöfnuðina sem kynnu að gera minni kröfur í ýmsum efnum en hún.

Sá núningur sem að ofan getur laut allur að ytri málefnum. Ekki kom til sambærilegra árekstra á sviði innri kirkjumála, þ.e. vegna helgisiða eða kirkjukenninga, enda var játningagrundvöllur allra safnaðanna að mestu leyti hinn sami og þjóðkirkjunnar. Ekki kom því til þess að kirkjulegir embættismenn beindu áhrifum sínum beinlínis gegn starfi fríkirkjusafnaðanna þótt vissulega hefði gætt hjá þeim eindreginnar neikvæðrar afstöðu í garð safnaðanna og þeir álituð tilslakanir lúthersku fríkirkjufólki til handa í raun óþarfar. Létu þeir sér nægja að sveigja söfnuðina í eins ríkum mæli og mögulegt var að fyrirkomulagi og hagsmunum þjóðkirkjunnar. Af þessum ástæðum er ljóst að sú kirkjulega lýðræðishreyfing sem hér er talin hafa komið fram í flestum fríkirkjusöfnuðunum sem hér störfuðu fyrir 1915 náði ekki að verða frjáls undan þjóðkirkjunni og þróast á sínum eigin forsendum. Þórhallur Bjarnarson biskup fylgdi þó frjálslýndari stefnu í þessu efni undir lok rannsóknartímans.

Rannsóknin sýnir hve grunnt trúfrelsi í landinu risti á fyrsta þróunarskeiði þess þegar á reyndi, sem og að fremur var um frelsi til handa trúfélögum að ræða en einstaklingsbundið trúfrelsi. Þá varpa mótunaráhrif biskups og annarra kirkjulegra embættismanna ljósi á í hve ríkum mæli íslenska þjóðkirkjan mótaðist enn af ríkiskirkjufyrirkomulagi fyrri alda á rannsóknartímabilinu.